

| | | | |
|----------------|------------|--|----|
| | I | EES-STOFNANIR | |
| | 1. | Sameiginlega EES-nefndin | |
| | II | EFTA-STOFNANIR | |
| | 1. | Fastanefnd EFTA-ríkjanna | |
| | 2. | Eftirlitsstofnun EFTA | |
| 2016/EES/67/01 | | Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 260/15/COL frá 30. júní 2015 um meinta ríkisaðstoð veitta Símanum vegna breiðbandsvæðingar í dreifbýli á Íslandi (Ísland) . . . | 1 |
| 2016/EES/67/02 | | Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum – Mál nr. 161/16/COL | 37 |
| 2016/EES/67/03 | | Ráðstöfun ekki ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins – Mál nr. 165/16/COL | 37 |
| | 3. | EFTA-dómstóllinn | |
| | III | ESB-STOFNANIR | |
| | 1. | Framkvæmdastjórnin | |
| 2016/EES/67/04 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8087 – Smiths Group/Morpho Detection) | 38 |
| 2016/EES/67/05 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8216 – Allianz/Dalmore/BEL) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 39 |
| 2016/EES/67/06 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8233 – Rockaway E-Commerce/EC Investments/Bonak/Sully Systems) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 40 |
| 2016/EES/67/07 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8240 – Dana/Brevini Fluid Power and Brevini Power Transmission) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 41 |
| 2016/EES/67/08 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8243 – Allianz/NN Group/The FIZZ Student Housing) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 42 |
| 2016/EES/67/09 | | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M. 8272 – CVC/Cinven/Newday) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . | 43 |

| | | |
|-----------------------|--|----|
| 2016/EES/67/10 | Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8274 – Cinven/Permira/Allegro/Ceneo) –Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð | 44 |
| 2016/EES/67/11 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.7963 – ADM/Wilmar/Olenex JV) | 45 |
| 2016/EES/67/12 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8016 – Sanofi Pasteur/Vaccines of Sanofi Pasteur MSD) | 45 |
| 2016/EES/67/13 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8055 – Coherent/Rofin-Sinar Technologies) | 46 |
| 2016/EES/67/14 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8151 – Naxicap/Timepartners) | 46 |
| 2016/EES/67/15 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8177 – AMC UK/Odeon and UCI Cinemas) | 47 |
| 2016/EES/67/16 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8191 – ArcelorMittal/CLN/JV) | 47 |
| 2016/EES/67/17 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8217 – CPPIB/Hammerson/Grand Hotel) | 48 |
| 2016/EES/67/18 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8235 – IPIC/Mubadala) | 48 |
| 2016/EES/67/19 | Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum við tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál M.8250 – Ardian/Weber Automotive) | 49 |
| 2016/EES/67/20 | Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 2016 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins (mál AT.40023 – Aðgangur að áskriftarsjónvarpi yfir landamæri) | 49 |
| 2016/EES/67/21 | Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 2016 um málarekstur samkvæmt 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 54. gr. EES-samningsins (mál AT.39759 – Fullnustugerð gagnvart ARA) | 50 |
| 2016/EES/67/22 | Yfirlit um ákvarðanir Evrópusambandsins um markaðsleyfi fyrir lyfjum frá 1. október til 31. október 2016 | 50 |
| 2016/EES/67/23 | Orðsending framkvæmdastjórnarinnar í tengslum við framkvæmd framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 665/2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar ryksuga og reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 666/2013 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun ryksuga (<i>Birting á heitum og tilvísunarnúmerum samhæfðra staðla samkvæmt samhæfingarlöggi Sambandsins</i>) | 51 |

EFTA-STOFNANIR

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2016/EES/67/01

nr. 260/15/COL

frá 30. júní 2015

um meinta ríkisaðstoð veitta Símanum vegna breiðbandsvæðingar í dreifbýli á Íslandi

(Ísland)

[Án trúnaðarupplýsinga]

[Upplýsingar innan hornklofa falla undir þagnarskyldu]

Eftirlitsstofnun EFTA hefur tekið neðangreinda ákvörðun,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningsins“), einkum c-liðar 3. mgr. 61. gr. og bókunar 26,

með vísan til samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls („samningsins um eftirlitsstofnun og dómstól“), einkum 24. gr.,

með vísan til bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól („bókunar 3“), einkum 3. mgr. 7. gr. II. hluta,

eftir að hafa beint því til hagsmunaaðila að þeir legðu fram athugasemdir í samræmi við ofangreind ákvæði ⁽¹⁾, og að teknu tilliti til athugasemda sem borist hafa,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

I. MÁLSATVIK

1 Málsmæðferð

- 1) Með bréfi dagsettu 2. febrúar 2011 ⁽²⁾ lögðu Og fjarskipti ehf. (hér á eftir nefnd „Vodafone“ eða „kvarntandinn“) fram kvörtun við Eftirlitsstofnun EFTA vegna meintrar ólöglegar ríkisaðstoðar við Símann í tengslum við breiðbandsvæðingu í dreifbýli á Íslandi.
- 2) Eftirlitsstofnun EFTA ákvað með ákvörðun nr. 302/13/COL frá 10. júlí 2013, að fengnum öllum upplýsingum sem máli skipta frá stjórnvöldum á Íslandi og að fengnum umtalsverðum upplýsingum frá kvartanda og hagsmunaaðilum ⁽³⁾, að hefja formlega rannsókn á hugsanlegri ríkisaðstoð við Símann vegna breiðbandsvæðingar í dreifbýli á Íslandi („ákvörðun nr. 302/13/COL“ eða „ákvörðunin um að hefja rannsókn“).

⁽¹⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 302/13/COL frá 10. júlí 2013 um að hefja formlega rannsókn á hugsanlegri ríkisaðstoð við Símann vegna breiðbandsvæðingar í dreifbýli á Íslandi (Stjtið. ESB C 347, 28.11.2013, bls. 11, og EES-viðbætur nr. 66, 28.11.2013, bls. 8.). Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid-notifications/State-aid-siminn.pdf>.

⁽²⁾ Skjal nr. 585458.

⁽³⁾ Vísad er til bréfa frá stjórnvöldum á Íslandi sem eru dagsett 28. apríl 2011 (skjal nr. 596157), 17. maí 2011 (skjal nr. 598419), 22. júní 2011 (skjal nr. 601861) og 11. mars 2013 (skjal nr. 665601) ásamt bréfum frá kvartanda sem eru dagsett 23. maí 2012 (skjal nr. 657203) og 10. maí 2013 (skjal nr. 672303) og tölvupósta frá hagsmunaaðila sem eru dagsettir 2. október 2011 (skjal nr. 614576) og 19. nóvember 2011 (skjal nr. 615746 og 615747).

- 3) Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja rannsókn með bréfi dagsettu 15. október 2013 ⁽⁴⁾. Eftirlitsstofnun EFTA bárust einnig athugasemdir frá hagsmunaaðila (Hringiðunni ehf.) með bréfi dagsettu 18. júlí 2013. ⁽⁵⁾
- 4) Hinn 28. nóvember 2013 var ákvörðun nr. 302/13/COL birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og EES-viðbæti við þau. Hagsmunaaðilum var veittur eins mánaðar frestur til að leggja fram athugasemdir við ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja rannsókn.
- 5) Með bréfi dagsettu 18. desember 2013 frá hagsmunaaðilanum Nova ehf. ⁽⁶⁾ bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir og skjöl. Með bréfi dagsettu 20. desember 2013 ⁽⁷⁾ bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir og viðbótarskjöl frá Símanum. Síminn lagði einnig fram sérfræðiskýrslu dagsetta 24. september 2013, sem hann hafði falið Analysis Mason, ráðgjafarþjónustu sem sérhæfir sig í fjarskiptum og fjölmiðlum, að vinna fyrir sig („AM-skýrsluna“). ⁽⁸⁾ Með bréfi dagsettu 23. desember 2013 ⁽⁹⁾ bárust Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir og viðbótarskjöl frá kvartanda.
- 6) Hinn 8. janúar 2014 framsendi Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir, sem henni höfðu borist, til stjórnvalda á Íslandi í samræmi við 2. mgr. 6. gr. II. hluta bókar 3 og bauð þeim að leggja fram athugasemdir sínar. ⁽¹⁰⁾ Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram athugasemdir sínar við ákvörðunina með bréfi dagsettu 28. febrúar 2014. ⁽¹¹⁾
- 7) Eftir að hafa metið framlagðar upplýsingar, skýrslur og athugasemdir óskaði Eftirlitsstofnun EFTA eftir viðbótarupplýsingum og skýringum frá stjórnvöldum á Íslandi með bréfi dagsettu 2. september 2014. ⁽¹²⁾ Með bréfi dagsettu 17. október 2014 ⁽¹³⁾ svöruðu stjórnvöld á Íslandi og létu Eftirlitsstofnun EFTA í té umbeðnar upplýsingar.
- 8) Að ósk Símans tók Eftirlitsstofnun EFTA loks þátt í fundi í Brussel 20. nóvember 2014 með tæknisérfræðingum Símans og utanaðkomandi lögfræðingum.

2 Lýsing á ráðstöfuninni

2.1 Forsaga

2.1.1 Hlutverk fjarskiptasjóðs

- 9) Fjarskiptasjóður var stofnaður með lögum nr. 132/2005 og hlutverk hans er lögum samkvæmt að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á Íslandi eins og lýst er í opinberri fjarskiptaáætlun („fjarskiptaáætlunin“) sem samþykkt var af Alþingi. ⁽¹⁴⁾ Í 2. gr. þessara laga er kveðið á um að fjarskiptasjóður sé stofnaður í því skyni að hafa umsjón með úthlutun fjármagns til verkefna sem miða að uppbyggingu stofnkerfa fjarskipta og stuðla þannig að öryggi og samkeppnishæfni þjóðfélagsins á sviði rafrænna fjarskipta og annarra verkefna sem kveðið er á um í fjarskiptaáætluninni að því tilskildu að ætla mætti að ekki yrði ráðist í slík verkefni á markaðsforsendum.
- 10) Fjarskiptasjóður er fjármagnaður með lögboðnu framlagi úr ríkissjóði Íslands. Innanríkisráðuneytið fer með málefni sjóðsins og skipar stjórnarmenn hans til fimm ára í senn.
- 11) Sjóðurinn hefur unnið að fjórum meginmarkmiðum sem mælt er fyrir um í fjarskiptaáætluninni og var breiðbandsvæðingin síðasta markmiðið sem komst til framkvæmda. Að sögn stjórnvalda á Íslandi var opið útboðsferli fyrir öll verkefni.

⁽⁴⁾ Skjal nr. 687314.

⁽⁵⁾ Skjal nr. 679306.

⁽⁶⁾ Skjal nr. 694292.

⁽⁷⁾ Skjal nr. 694234.

⁽⁸⁾ Skjal nr. 694237.

⁽⁹⁾ Skjal nr. 694646.

⁽¹⁰⁾ Skjal nr. 694762.

⁽¹¹⁾ Skjal nr. 701089.

⁽¹²⁾ Skjal nr. 720418.

⁽¹³⁾ Skjal nr. 729141.

⁽¹⁴⁾ Sjá lög nr. 132/2005 frá 20.12.2005 um fjarskiptasjóð.

2.1.2 Kortlagning og greining á útbreiðslu

- 12) Snemma árs 2007 réð fjarskiptasjóður Bændasamtök Íslands til að staðfesta manntalsupplýsingar í dreifbýli, einkum þeim strjálbýlustu. ⁽¹⁵⁾ Afrakstur þessarar vinnu var heildaryfirlit yfir þáverandi byggingar sem verkefnið um breiðbandsvæðingu í dreifbýli á Íslandi gæti hugsanlega tekið til (sjá nánari lýsingu í 16. mgr. hér að neðan).
- 13) Sem fyrsta skref í kortlagningu á núverandi útbreiðslu og framtíðarútbreiðslu breiðbands óskaði fjarskiptasjóður í febrúar 2007 eftir upplýsingum frá veitendum breiðbandsþjónustu ⁽¹⁶⁾ um þáverandi markaðssvæði. Markmið kortlagningarinnar var að auðkenna markaðsbresti með því að greina milli „grárra“, „svartra“ og „hvíttra“ svæða í dreifbýli á Íslandi. ⁽¹⁷⁾ Með opinberri auglýsingu í Morgunblaðinu var óskað eftir upplýsingum um öll svæði sem nytu breiðbandsþjónustu (þ.e. svæði með möguleika á að minnsta kosti 512kb/s sitengingu við Netið (án upphringingar) gegn sanngjörnum föstum mánaðargreiðslum), auk svæða (án þjónustu á þeim tíma) sem áformað var að hefja þjónustu við fyrir júní 2008.
- 14) Fjarskiptasjóði bárust upplýsingar um markaðssvæði á ýmsu formi frá nokkrum þjónustuveitendum breiðbands og einstaklingum. ⁽¹⁸⁾ Þegar komin var heildarmynd af útbreiðslu var næsta skref að skrá GPS-hnit allra heimila utan þeirra svæða sem vitað var að ADSL-tenging næði til. Niðurstaða vinnunnar var marglaga kort af heimilum utan núverandi og áformaðs (heildar) þjónustusvæðis fyrir breiðband sem var sent til ítarlegrar endurskoðunar þeirra þjónustuveitenda breiðbands sem tóku þátt. Hún leiddi til verulegrar uppfærslu á kortinu á grundvelli samþingraðar þjónustuveitenda á kortinu og gagnagrunnum þeirra um viðskiptavinum. Að vinnunni lokinni sendi fjarskiptasjóður lista yfir byggingar utan þjónustusvæða til hvers sveitarfélaganna 78 á Íslandi ásamt útprenti korts með uppfærðum upplýsingum um útbreiðslu innan þess sveitarfélags. Hvert sveitarfélag endurskoðaði því næst „hvítu“ svæðin á kortinu vegna bygginga sem þar vantaði eða vegna bygginga sem fullnægðu ekki kröfum verkefnisins. Til að bygging fullnægi kröfunum þarf að minnsta kosti einn einstaklingur að vera með fasta búsetu og/eða vinnustað á staðnum allt árið.
- 15) Niðurstaða kortlagningar fjarskiptasjóðs og greiningar á útbreiðslu var nákvæmur listi yfir þær byggingar sem heyra áttu undir verkefnið. Upphaflegt umfang verkefnisins voru 1.118 „hvítar“ byggingar sem voru auðkenndar hver fyrir sig með GPS-hnitum þeirra.

2.1.3 Útboðsferlið og val á hlutskarpasta bjóðanda

- 16) Í febrúar 2008 auglýstu Ríkiskaup, fyrir hönd fjarskiptasjóðs, útboð verkefnisins „Háhraðanet-tengingar til allra landsmanna“. Verkefnið fól í sér breiðbandsvæðingu í dreifbýli þar sem stjórnvöld á Íslandi höfðu greint markaðsbrest á grundvelli þess að ólíklegt væri að einkafyrirtæki myndu hefja þjónustu á svæðunum á markaðsforsendum. Verkefnið tók til 1.118 „hvítu“ bygginganna sem fjarskiptasjóður auðkenndi við rannsóknir sínar.⁽¹⁹⁾
- 17) Í kjölfar birtingar útboðs áttu Ríkiskaup í aðskildum viðræðum við áhugasama bjóðendur sem leiddi til þess að tilboðsfrestur var framlengdur til 4. september 2008. Ríkiskaupum bárust fimm tilboð sem voru mismunandi hvað varðar verð og tillögur að tæknilausnum. Síminn lagði fram tvö tilboð: lægsta tilboðið að fjárhæð 379 milljónir króna og hæsta tilboðið (þar sem hæsti meðalhraði niðurhals var boðinn) að fjárhæð 5 milljarðar króna.

⁽¹⁵⁾ Bændasamtökin unnu þetta með því að bera opinberar upplýsingar um lögheimili saman við upplýsingar frá sveitarfélögum, gagnagrunna sína um bændur og með því að spyrja það heimafólk sem þekkti til þáverandi aðstæðna og í sumum tilvikum hringdu þau meira að segja í ákveðin heimili eða heimili náganna þegar vafi lék á.

⁽¹⁶⁾ Í þessu skjali eru einnig notuð hugtökin „þjónustuveitandi“ og „netþjónustuveita“ á víxl.

⁽¹⁷⁾ *Svört svæði* eru svæði þar sem að minnsta kosti tvö hefðbundin breiðbandsnet eru starfrækt, eða munu verða starfrækt á næstu árum, af mismunandi rekstraraðilum og breiðbandsþjónusta er veitt á samkeppnisforsendum. *Grá svæði* eru svæði þar sem einn aðili annast rekstur netkerfis og litlar líkur eru á að annað netkerfi verði byggt upp á næstu árum. *Hvít svæði* eru svæði þar sem ekkert grunnvirki fyrir breiðband er fyrir hendi og litlar líkur eru á að slíkt grunnkerfi verði byggt upp á næstu árum. Nánari skýringar er að finna í leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandsnetna á vefslóðinni: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid-guidelines/Part-IV---Application-of-state-aid-rules-in-relation-to-rapid-deployment-of-broadband-networks.pdf> og í 159. til 164. mgr. hér að neðan.

⁽¹⁸⁾ Fjarskiptasjóður veitti endurgjaldslausa tækniástoð öllum þeim þjónustuveitendum sem höfðu ekki tækni getu til að leggja fram nákvæma formskrá sem nota mætti fyrir ARCis-GIS-landupplýsingahugbúnað.

⁽¹⁹⁾ Skjal nr. 665605.

- 18) Samkvæmt útboðslýsingu var tilgangur úthlutunarviðmiðanna sem beitt var að greina fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið. Fjögur matsviðmið voru notuð: i) heildarverð (50%), ii) hraði uppbyggingar (15%), iii) hraði niðurrhals (25%) og iv) 2G GSM (valkvætt) (10%).⁽²⁰⁾ Ríkiskaupum höfðu borist fimm gild tilboð (og eitt ógilt tilboð frá Hringiðunni ehf., þar sem láðist að veita gilda bankaábyrgð) fyrir 4. september 2008. Eftirfarandi gild tilboð bárust:⁽²¹⁾

| Bjódendur, tilboð – 14121 | Heildartilboðs- fjárhæð í ISK: | Hraði uppbyggingar í mánuðum: | Meðalhraði niðurrh. í Mb/s: | GSM valkvætt: | Stig: |
|---------------------------|-----------------------------------|-------------------------------------|--------------------------------|------------------|---------------|
| Síminn hf. | 379.000.000 kr. | 12 | 6,0 | Já | 95 |
| Nordisk Mobile Island ehf | 974.864.503 kr. | 12 | 3,0 | Já | Á ekki við |
| Vodafone | 1.858.339.001 kr. | 15 | 6,2 | Já | 52 |
| Vodafone | 2.256.549.333 kr. | 17 | 6,5 | Já | 49 |
| Síminn hf. | 5.000.000.000 kr. | 22 | 12,0 | Já | 39 |

- 19) Þar eð fyrsta tilboð Símanns hlaut flest stig (95 stig) samkvæmt fyrrnefndum viðmiðum hófu Ríkiskaup samningaviðræður við Símann.⁽²²⁾ Enn fremur óskuðu Ríkiskaup eftir því að Síminn tæki þátt í nokkrum kynningarfundum en slíkir fundir eru haldnir samkvæmt stöðluðu verklagi eftir opnun útboðs.

2.1.4 Stækkun á uppbyggingarsvæðinu

- 20) Snemma í desember 2008 barst Póst- og fjarskiptastofnun („PFS“), erindi frá þjónustuveitanda, Wireless Broadband System („WBS“), þar sem hann óskaði eftir því að vera tekinn af skrá yfir veitendur fjarskiptaþjónustu á Íslandi. WBS hafði áður tekið þátt í kortlagningu fjarskiptasjóðs og greiningu á útbreiðslu og hafði upplýst Ríkiskaup um áformað þjónustusvæði sitt á tímabilinu fram að útboði Ríkiskaupa. Fráhvarf WBS af markaði, og það að fyrirtækið féll í framhaldi af því frá útbreiðsluáformum sínum, leiddi til verulegrar breytingar á lista yfir byggingar sem höfðu hvorki aðgang að breiðbandi né fengu aðgang í nánustu framtíð á markaðsforsendum. Þegar áformað þjónustusvæði þjónustuveitandans var fjarlægð af korti yfir heildarútbreiðslu bættust við 670 „hvítar“ byggingar til viðbótar viðsvegar um landið. Fjarskiptasjóður taldi þessar byggingar falla undir gildissvið nýju fjarskiptaáætlunarinnar.
- 21) Fjarskiptasjóður óskaði eftir upplýsingum frá Ríkiskaupum um hvort mögulegt væri að auka umfang verkefnisins í yfirstandandi útboðsferli. Að sögn stjórnvalda á Íslandi svöruðu Ríkiskaup 7. janúar 2009 að þau teldu vissa útvíkkun geta rúmast innan útboðsins og að slík útvíkkun væri í samræmi við reglurammann um opinber innkaup.
- 22) Til að staðfesta að hvorki þjónustuveitendur á markaði né nýir þjónustuveitendur hefðu áform um að auka þjónustusvæði sín til að ná til nokkurra þessara 670 „hvítu“ viðbótarbygginga för fjarskiptasjóður þess á leit við Ríkiskaup að auglýsa á ný eftir áformum um að bjóða þjónustu fyrir þessar 670 byggingar. Ríkiskaup birtu tilkynningu í Morgunblaðinu 23. janúar 2009 þar sem leitað var upplýsinga frá markaðsaðilum um fyrirhugaða breiðbandsvæðingu á svæðum til viðbótar við þau sem höfðu áður verið boðin út.⁽²³⁾ Að sögn stjórnvalda á Íslandi beittu Ríkiskaup sömu aðferð og áður þegar þau auglýstu upphaflega eftir upplýsingum um þjónustusvæði. Þar eð óskað var eftir upplýsingum með auglýsingu einskorðaðist beiðni um upplýsingar ekki við þá þjónustuveitendur sem höfðu þegar skilað inn tilboðum heldur var henni ætlað að ná til allra þjónustuveitenda.

⁽²⁰⁾ Hugsanlegum bjóðendum var valkvætt að bjóða aðgang að talþjónustu fyrir byggingar sem fengu þá þjónustu ekki á markaðsforsendum og takmarkaðist það við að veita aðeins talþjónustu með GSM (2G). 2G á við um aðra kynslóð fartækni en GSM (alheimsfarsímakerfi) á við um staðalinn sem hún er byggð á.

⁽²¹⁾ Sjá bréf frá stjórnvöldum á Íslandi til Eftirlitsstofnunar EFTA dagsett 22.6.2011 (skjal nr. 601861).

⁽²²⁾ Sama heimild.

⁽²³⁾ Að sögn stjórnvalda á Íslandi tók birting tilkynningarinnar einnig mið af ákvæðum laga nr. 84/2007 um opinber innkaup til að tryggja jafna meðferð á fyrirtækjum við opinber innkaup. Með þessum lögum er tekin upp í íslenskan rétt sú gerð sem um getur í 2. lið XVI. viðauka við EES-samninginn, tilskipun 2004/18/EB um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga (felld inn í EES-samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 68/2006 frá 2. júní 2006, Stjóð. ESB L 245, 7.9.2006, bls. 22 og EES-viðbætur nr. 44, 7.9.2006, bls. 18) („tilskipunin um opinber innkaup“ eða „tilskipun 2004/18/EB“). Ríkiskaup auglýsa öll verkefni/útboð sín í þessum tiltekna hluta dagblaðsins sem um er að ræða.

- 23) Ríkiskaupum bærust engar viðbótaráætlanir eða nýjar áætlanir um þjónustu við þær 670 byggingar sem auðkenndar voru. Ríkiskaup tóku í framhaldinu ákvörðun um að þessar viðbótarbyggingar skyldu heyra undir verkefnið. Því leituðust þau við að breyta samningnum sem verið var að semja um við Símann svo hann næði yfir viðbótarbyggingarnar.

2.2 Samningur milli fjarskiptasjóðs og Símans

2.2.1 Almenn

- 24) Fjarskiptasjóður (kaupandi) og Símann (seljandi) komust að samkomulagi 25. febrúar 2009 varðandi breiðbandsvæðingu í dreifbýli á Íslandi („samningurinn“). Samkvæmt samningnum skyldi seljandi byggja upp háhraðanet og breiðbandsþjónustu á svæðum sem höfðu ekki áður aðgang að slíkri þjónustu. Netkerfið og þjónustan skyldi ná til allra heimila þar sem minnst einn einstaklingur var með lögheimili og búsetu allt árið og til fyrirtækja með atvinnustarfsemi allt árið. Samningurinn náði yfir 1.788 byggingar í heildina: byggingarnar 1.118 sem voru upprunalega auðkenndar í útboðsgögnum ásamt hinum byggingunum 670 sem bætt var við meðan á samningaviðræðum stóð. Samningurinn kvað á um að seljandi yrði eigandi netkerfisins að uppbyggingunni lokinni.

2.2.3 Samningstími og samningsfjárhæð

- 25) Samkvæmt 4. gr. samningsins var samningstímabilið frá dagsetningu undirskriftar til 1. mars 2014. Framlengja mætti tímabilið til allt að tveggja ára að fengnu samþykki beggja samningsaðilanna. Samkvæmt 10. gr. samningsins hófust framkvæmdir við netkerfið hins vegar formlega 1. mars 2009 og stóðu yfir til 1. mars 2011. Fjarskiptasjóður heimilaði framlengingu á uppbyggingartímanum (18 mánuði) vegna aukins umfangs verkefnisins. Fjarskiptasjóður samþykkti þetta með fyrirvara um að lokið yrði við að tengja minnst 1.118 byggingar fyrstu 12 mánuðina í samræmi við tilboð Símans.
- 26) Vegna framkvæmda við netkerfið og þjónustuna skyldi kaupandi greiða alls 606.128.801 kr. Komist var að samkomulagi um verð vegna aukningar umfangs um 670 byggingar á grundvelli þess meðalverðs á einingu sem Símann bauð upphaflega margfaldað með fjölda nýrra bygginga. Því var greiðslan til Símans aukin úr 379 milljónum kr. í 606 milljónir kr. Kaupanda bar að greiða 70% heildarfjárhæðarinnar til seljanda við undirskrift samningsins, 20% til viðbótar þegar netkerfið væri tekið í notkun og síðustu 10% að loknum þriggja mánaða reynslutíma. ⁽²⁴⁾
- 27) Greiðslurnar voru vísitölubundnar miðað við gengi erlends gjaldmiðils í stað almennrar neysluverðsvísitölu, eins og ætlunin var í upphafi. Að sögn stjórnvalda á Íslandi var þessi vísitölubinding valin vegna óvanalegra efnahagsaðstæðna og þeirrar óvissu sem leiddi af fjármálakreppunni. ⁽²⁵⁾ Danska krónan (DKK) var sá erlendi gjaldmiðill sem notaður var miðað við gengi 3. september 2008 (1 DKK = 16,513 ISK).

2.2.4 Tæknilegar kröfur

- 28) Samkvæmt grein 2.1 í útboðslýsingunni var verkefnið tæknilega óháð og ekki voru settar fram neinar tilteknar skilgreiningar á því hvernig byggja ætti netkerfið upp eða hvaða tæknilausnum skyldi beitt. ⁽²⁶⁾
- 29) Auk þess að veita háhraðanetaðgang að byggingunum voru bjóðendur einnig hvattir til þess að veita farsímaþjónustu (2G GSM). ⁽²⁷⁾ Þessari þjónustu var ætlað að fullnægja viðmiðum í fjarskiptaáætlun PFS fyrir 2005–2010 sem kveður m.a. á um talþjónustu, reikimöguleika og framboð á notendabúnaði á hagkvæmu verði. Vægi farþjónustu með 2G GSM var 10% í útboðsskilmálunum.

⁽²⁴⁾ Sjá 16. gr. samningsins.

⁽²⁵⁾ Skjal nr. 687314.

⁽²⁶⁾ Lýsingu á tækniröfum verkefnisins er að finna í útboðslýsingunni í I. viðauka við samninginn. Viðaukarnir eru hluti af samningnum og eru bindandi fyrir samningsaðila.

⁽²⁷⁾ Sjá grein 1.2.3.1 í I. viðauka samningsins og 20. nmgr. þessarar ákvörðunar.

- 30) Sú tæknilausn sem Síminn bauð var byggð á fjórum mismunandi tegundum tækni: ADSL,⁽²⁸⁾ UMTS,⁽²⁹⁾ þráðlausu neti⁽³⁰⁾ og gervihnetti. Eins og síðar kom í ljós, að lokinni uppbyggingu netkerfisins, voru 55% bygginganna tengdar við UMTS (þráðlaust 3G samband á föstum stað), 41% við ADSL og 4% við gervihnött eða höfðu þráðlaust net.

2.2.5 Aðgangskröfur

- 31) Samkvæmt grein 2.2.13 í I. viðauka við samninginn skyldi kerfið byggt þannig upp að hægt væri að veita öðrum netþjónustuveitum aðgang á heildsölustigi. Þessar netþjónustuveitur ættu að geta keypt grunnþjónustu af Símanum á heildsöluverði og þeim ætti að vera heimilt að veita þjónustu yfir netkerfið til almennra viðskiptavina sinna. Veita átti aðgang á einfaldan hátt (til dæmis með aðgangi að fjaradgangspjóni um breiðband („BRAS“)). Veita skyldi öllum netþjónustuveitum jafna þjónustu og jafnan aðgang að kerfinu óháð tengslum þeirra við seljanda.

- 32) Í II. viðauka við samninginn undir yfirskriftinni „Fyrirspurnir og svör 1–22 á tilboðstímanum, nýir staðalistar, skýringar á útboðsgögnum og fundargerð af kynningarfundum“ er að finna nánari skýringar á aðgangskröfum. Fjórar leiðir eru tilgreindar vegna heildsöluáðgangs. Þær eru sem hér segir: ⁽³¹⁾

Leið 1: Seljandi (Síminn) setur upp xDSL tengingu við notendur og afhendir kaupendum bitastrauminn handan við DSLAM búnaðinn. Kaupendur (netþjónustuveitur) sjá um stofnlínusambandið frá DSLAM um ATM og/eða IP netin að þjónustumiðstöð. Það merkir að kaupendur ráða meiru um gæði þjónustunnar sem þeir selja en það krefst hins vegar mikillar fjárfestingar af þeirra hálfu.

Leið 2: Seljandi veitir xDSL tengingu frá ATM/IP neti um stofnlínusamband frá DSLAM. Í þessu tilviki getur kaupandi að ákveðnu marki stýrt gæðum flutningsins í ATM netinu. Kaupendur starfrækja eigin BRAS og hafa þess vegna stjórn á tæknibreytum búnaðarins og halda utan um upplýsingar um notendur.

Leið 3: Í þessu tilfalli er bitastraumurinn afhentur kaupanda yfir IP net sem rekið er af seljanda sem einnig starfrækir DSLAM og ábyrgist gæði þjónustunnar en kaupandi getur hér hugsanlega samið um mismunandi gæði fyrir viðskiptavinum sína.

Leið 4: Hér er um dæmigerða endursölu á Netáskriftum að ræða. Nettengingin, sem seljandi selur kaupanda, er hin sama og seld er almennum viðskiptavinum í smásölu. Kaupandi rekur engan hluta netkerfisins og sér aðeins um sölu þjónustunnar í óbreyttu formi. Kaupandi hefur þó möguleika á því að senda viðskiptavinum sínum einn reikning fyrir alla þjónustu sem veitt er með háhraðatengingunni.

- 33) Samkvæmt II. viðauka við samninginn er Símanum frjálst að bjóða leiðir 1–4 en er skylt að bjóða leið 3 hið minnsta í öllum tilvikum þar sem notast er við ADSL tækni í verkefningu. ⁽³²⁾ Enn fremur er skýrt tekið fram að Síminn skuli fylgja ákvörðunum og reglum PFS hvað þetta varðar. ⁽³³⁾

⁽²⁸⁾ ADSL merkir ósamhverf stafræn notendalína (e. Asymmetric Digital Subscriber Line). Stafrænar notendalínur (DSL) nýta venjulegar koparlínur (símálínur) símkerfanna til að flytja háhraðamerki stafrænt.

⁽²⁹⁾ UMTS merkir altæka farsímakerfið (e. Universal Mobile Telecommunications System) sem vísar til þriðju kynslóðar (3G) fartækni sem getur borið meira gagnamagn og hraðari breiðbandsþjónustu en önnur kynslóð (2G) fartækni. Unnt er að nota 3G fyrir talsímþjónustu, smáskilaboð og Netaðgang í farsíma auk þráðlauss Netaðgangs á föstum stað.

⁽³⁰⁾ Þráðlaust net vísar til notkunar á staðbundnum fjarskiptatengingum fyrir tal- og gagnaflutningsþjónustu til einstakra heimila eða starfsstöðva.

⁽³¹⁾ Úr íslenskrí útgáfu greiningar PFS á markaði 12 sem er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.pfs.is/upload/files/Market%2012%20-%20Annex%20A%20-%20Analysis%20of%20market.Public.pdf>.

⁽³²⁾ Þetta eru 41% verkefnisins í heild.

⁽³³⁾ Í II. viðauka við samninginn er vísað til ákvörðunar PFS nr. 8/2008 frá 18.4.2008 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á heildsöluarkaði fyrir breiðbandsaðgang (markað 12) (sjá einnig 123. nmgr. hér á eftir). Samkvæmt ákvörðun PFS nr. 26/2007 var Míla, fyrirtæki tengt Símanum, enn fremur útnefnt sem fyrirtæki með umtalsverðan markaðsstyrk á heildsöluarkaði fyrir sundurgreindan aðgang (einnig sameiginlegan aðgang) að heimtaugum og heimtaugargreinum úr málm til að veita breiðbandsþjónustu og talþjónustu. Míla lýtur því ýmsum kvöðum um heildsöluáðgang svo sem kvöð um að verða við sanngjörnum beiðnum um sundurgreindan aðgang að heimtaugum, þ.m.t. koparlínur og tengdri þjónustu á heildsölustigi. Ólíklegt kann engu að síður að vera að veruleg eftirspurn sé eftir þessum heildsöluáðgangi vegna mikils kostnaðar við að veita breiðbandsþjónustu um sundurgreindar heimtaugar á afskekktum dreifbýlissvæðum.

34) Símanum ber aðeins að fara leið 4 þegar UMTS-tækni er notuð í verkefnum. ⁽³⁴⁾ Sú leið felur í sér að Síminn þarf að útvega og setja upp allan notendabúnað óháð því hver smásalinn er. Símanum ber einnig að sjá um þjónustu við viðskiptamenn og viðhaldsþjónustu. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er meginástæða þessa fyrirkomulags sú að Síminn heldur því fram að fyrirtækið þurfi að vera með fullan aðgang og stjórn á UMTS neti enda á milli, þar með talinn allan notendabúnað, til að geta ábyrgst að gæði og þjónustustig séu í samræmi við útboðsgögn. Á hinn bóginn heimilaði fjarskiptasjóður að undanskilja opinn aðgang að gervihnattasambandi og þráðlausum nettengingum á grundvelli þess að mjög erfitt og óhagkvæmt væri að koma á slíkum aðgangi. ⁽³⁵⁾

35) Staðlaðir endursölusamningar milli Símans og netþjónustuveita í endursölu eru í 10. viðauka við samninginn vegna endursölu á UMTS háhraðaþjónustu og ADSL þjónustu. Í þessum stöðluðu samningum er staðlaður lágmarksafsláttur fyrir leið 4 miðað við hraða sem hér segir: ⁽³⁶⁾

UMTS 1 Mb/s = 10%

UMTS 2 Mb/s = 7,5%

UMTS >2 Mb/s = 5%

36) Eftirfarandi lágmarksafsláttur á við um ADSL aðgang samkvæmt leið 4:

ADSL 1000 = 5%

ADSL 2000 = 5%

ADSL 4000/8000 = 7,5%

ADSL 6000/12000 = 10%

Að því er varðar heildsöluáðgang að ADSL samkvæmt leiðum 1–3 fengi netþjónustuveita sem sinnir endursölu eða smásölu að lágmarki 35% afslátt af smásöluverði Símans. Að sögn stjórnvalda á Íslandi var ákvörðun um þennan afslátt tekin í samræmi við ákvörðun PFS nr. 8/2008 frá 18.4.2008. ⁽³⁷⁾

37) Í athugasemd frá fjarskiptasjóði dagsettri 14. ágúst 2009 ⁽³⁸⁾ um skipulag á aðgangsgleiðum í samningnum kemur fram að endursöluáðgangur sé einungis í boði fyrir UMTS tengingar. Slíkar tengingar verða ekki betri við það að fleiri kerfislegar aðgangsgleiðir séu að þeim á heildsölustigi. Samkvæmt fjarskiptasjóði ætti ofangreindur afsláttur því að gilda ef önnur netþjónustuveita óskar eftir endursöluáðgangi að netkerfi Símans.

38) Um ítarlegri lýsingu á ráðstöfuninni vísast til ákvörðunar Eftirlitsstofnunar EFTA 302/13/COL. ⁽³⁹⁾

3 Ástæður þess að stofnað var til formlegrar rannsóknar

39) Í ákvörðun nr. 302/13/COL lagði Eftirlitsstofnun EFTA til bráðabirgða mat á það hvort samningur milli fjarskiptasjóðs og Símans um breiðbandsvæðingu í dreifbýli á Íslandi gæti talist ríkisaðstoð og, ef svo væri, hvort sú ríkisaðstoð gæti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

40) Að sögn stjórnvalda á Íslandi fól ráðstöfunin ekki í sér ríkisaðstoð þar eð skilyrðum 1. mgr. 61 gr. EES-samningsins var ekki fullnægt. Þá töldu stjórnvöld á Íslandi að skilgreina mætti framlagið sem fjármögnun opinberrar þjónustu og að skilyrðum „Altmark-prófsins“ væri fullnægt. Stjórnvöld á Íslandi tóku fram að færi svo að Eftirlitsstofnun EFTA teldi ráðstöfunina fela í sér ríkisaðstoð, kynni slík aðstoð að samrýmast c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með vísan til markmiða ráðstöfunarinnar, m.a. að auka aðgang að opinberu breiðbandi á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar.

⁽³⁴⁾ Þetta eru 55% verkefnisins í heild.

⁽³⁵⁾ Þetta eru 4% verkefnisins í heild.

⁽³⁶⁾ Hér er um að ræða afslátt af smásöluverði Símans.

⁽³⁷⁾ Er að finna á eftirfarandi vefslóð: http://www.pfs.is/library/Skrar/akv.-og-urskurdir/akvandanir-PFS/Akv_nr.8_2008_M%2012.pdf.

⁽³⁸⁾ Skjal nr. 615746.

⁽³⁹⁾ Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 302/13/COL frá 10. júlí 2013 um að hefja formlega rannsókn á hugsanlegri ríkisaðstoð við Símann vegna breiðbandsvæðingar í dreifbýli á Íslandi (Stjtið. ESB C 347, 28.11.2013, bls. 11, og EES-viðbætur nr. 66, 28.11.2013, bls. 8.). Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid-notifications/State-aid-siminn.pdf>.

- 41) Bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA var hins vegar að samningurinn milli fjarskiptasjóðs og Símans hafi falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Eftirfarandi þættir voru tilgreindir í ákvörðun 302/13/COL:
- i. Eftirlitsstofnun EFTA vekur athygli á því að þar eð fjarskiptasjóður var stofnaður samkvæmt lögum og er í eigu íslenska ríkisins, sem leggur sjóðnum til fé á fjárlögum, væri ekki annað að sjá en að ráðstöfunin hafi því verið veitt af ríkisfjármunum. Þar eð Síminn er stærsta fjarskipta-fyrirtæki á Íslandi hefði öll hugsanleg aðstoð í tengslum við samninginn verið veitt fyrirtæki.
 - ii. Eftirlitsstofnun EFTA komst einnig að þeirri niðurstöðu að opinber fjármögnun verkefnisins hefði að auki veitt Símanum efnahagslegan ávinning sem fyrirtækið hefði alla jafna þurft að standa straum af í fjárhagsáætlun sinni. Þó svo að samkeppnisútböð verði að jafnaði til þess að lægri fjárhagslegan stuðning þurfi, má ræða hvort endurgjaldið fyrir viðbótarbyggingarnar hafi verið ákvarðað með samkeppnisútböði eða hvort það var í raun ákvarðað eftir að tilboði Símans var tekið. Í bráðabirgðamati Eftirlitsstofnunar EFTA kom því fram að ekki væri unnt að útiloka að um efnahagslegan ávinning væri að ræða.
 - iii. Þar eð Síminn var enn fremur eini viðtakandi ríkisfjármuna, var það bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA að ráðstöfunin hafi virst vera sértæk.
 - iv. Loks komst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að aðkoma hins opinbera að uppbyggingu grunnvirkja til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu styrki stöðu þess þjónustuveitanda sem var valinn til að koma netkerfinu upp gagnvart keppinautum. Að jafnaði er markaðurinn fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu opin fyrir viðskipti og samkeppni milli fyrirtækja og þjónustuveitanda á öllu EES-svæðinu. Bráðabirgðaálit Eftirlitsstofnunar EFTA var því að hætta teldist vera á því að ráðstöfunin raskaði samkeppni og hefði áhrif á viðskipti milli EES-ríkjana.
- 42) Eftirlitsstofnun EFTA vakti athygli á því að aðstoð við uppsetningu breiðbandsnets í dreifbýli og á svæðum á Íslandi þar sem þjónusta er ekki fullnægjandi virtist beinast að vel skilgreindum, sameiginlegum markmiðum, að hún hafi verið viðeigandi stjórnæki til að ná fram settum markmiðum og að hún veitti þeim þjónustuveitanda sem var valinn hvata til fjárfestinga. Vegna umfangs breytinganna við samninginn komst Eftirlitsstofnun EFTA hins vegar að þeirri bráðabirgðaniðurstöðu að ekki mætti líta svo á sem innkaupaferlið væri opið og á jafnréttisgrundvelli í skilningi leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandsneta frá 2013 („leiðbeinandi reglur um breiðband“). ⁽⁴⁰⁾ Eftirlitsstofnun EFTA lýsti einnig efasemdum um hvort Síminn hefði verið skyldaður til að veita fullnægjandi heildsöluáðgang að þeim hlutum netkerfisins sem lúta að altæka farsímakerfinu og tengingum um ADSL. Ófullnægjandi skylda til að veita heildsöluáðgang veitir Símanum efnahagslegan ávinning og samkeppnisforskot. Ráðstöfunin virtist því ekki vera í samræmi við meðalhófsregluna og regluna um takmörkun á samkeppnisröskun samkvæmt jafnvægisprófinu.
- 43) Eftirlitsstofnun EFTA hafði því, í kjölfar bráðabirgðamats síns, efasemdir um hvort fjármögnun breiðbandsvæðingar í dreifbýli á Íslandi gæti talist samrýmast c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

4 Umsögn stjórnvalda á Íslandi

4.1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 44) Eins og áður kom fram lögðu stjórnvöld á Íslandi fram athugasemdir varðandi ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA um að hefja rannsókn með bréfi dagsettu 15. október 2013. ⁽⁴¹⁾ Stjórnvöld á Íslandi eru þeirra skoðunar að þær greiðslur sem voru veittar Símanum samkvæmt skilmálum samningsins teljist ekki til ríkisaðstoðar þar eð þau telja að skilyrðum í 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hafi ekki verið fullnægt af því að aðgerðir stjórnvalda hafi verið í samræmi við markaðsfjárfestaregluna. Þá telja stjórnvöld á Íslandi að skilgreina megi þessar greiðslur sem fjármögnun opinberrar þjónustu, að skilyrðunum fjórum í „Altmark-prófinu“ sé fullnægt samtímis og að ráðstöfunin teljist þar af leiðandi ekki ríkisaðstoð.

⁽⁴⁰⁾ Er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid-guidelines/Part-IV---Application-of-state-aid-rules-in-relation-to-rapid-deployment-of-broadband-networks.pdf>.

⁽⁴¹⁾ Skjal nr. 687314.

- 45) Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að viðkomandi samningur hafi ekki veitt Símanum efnahagslegan ávinning umfram markaðskjör. Að sögn stjórnvalda á Íslandi hefur opinbert útbod, sem samræmist regluramma um opinber innkaup, talist nægja til að gera megi ráð fyrir því að ríkisaðstoð hafi ekki verið veitt þeim rekstraraðila sem valinn er í ferlinu, þar eð ferlið tryggir að um markaðsverð sé að ræða. ⁽⁴²⁾ Því leiðir það af sanngjörnu markaðsverði, að sögn stjórnvalda á Íslandi, að ganga má út frá því að engin ríkisaðstoð hafi verið veitt Símanum. ⁽⁴³⁾
- 46) Með tilliti til breytinga á samningnum við Símann vegna stækkunar á uppbyggingarsvæðinu halda stjórnvöld á Íslandi því fram að samkvæmt framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sé engin ríkisaðstoð fölgín í breytingum á slíkum samningi ef heildarskilmálarinn eru ekki hagstæðari fyrir rekstraraðilann en skilmálar upphaflega samningsins. Jafnvel þó að telja bæri skilmálana hagstæðari vegna breytinganna yrði enn fremur ekki vera um ríkisaðstoð að ræða í þeim tilvikum þegar innkaupastofnun hegðar sér á sama máta og einkaverktaki hefði gert í þágu viðskiptahagsmuna sinna. Að sögn stjórnvalda á Íslandi var öllum sem sýndu áhuga á að taka þátt í innkaupferlinu fjárlst að leggja fram tilboð þar eð tilboð frá öllum hagsmunaaðilum voru leyfð og auglýst sem slík. Sú staðreynd að á endanum varð Síminn, sem bauð lögsta og fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið, fyrir valinu getur ekki falið sjálfkrafa í sér að ákveðnu fyrirtæki hafi verið hyglað.
- 47) Enn fremur leggja stjórnvöld á Íslandi áherslu á að breiðbandsþjónusta er að jafnaði þjónusta í almannabágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu. ⁽⁴⁴⁾ Stjórnvöld á Íslandi vekja athygli á því að þau hafi haft samband við einkafyrirtæki og hafi birt auglýsingu til að komast að því hvort nokkur markaðsfjárfestir væri reiðubúinn til að fjárfesta í grunnvirkinu. Þar eð enginn lýsti yfir áhuga á að veita þjónustuna komust stjórnvöld á Íslandi að þeirri niðurstöðu að á þessum svæðum væri raunverulegur markaðsbrestur fyrir hendi og að þar yrðu ekki boðnar háhraðanettengingar án aðstoðar frá fjarskiptasjóði. Að sögn stjórnvalda á Íslandi skyldi líta svo á að viðunandi útbreiðsla breiðbands til þessarar dreifbýlissvæða á Íslandi, þar sem engir aðrir rekstraraðilar starfa eða hafa áhuga á að fjárfesta, feli í sér þjónustu er hefur almenna efnahagslega þýðingu þar eð uppbygging breiðbands fyrir þær byggingar sem um er að ræða hafi verið afar mikilvæg fyrir bæði umrædd svæði og samfélagið í heild.
- 48) Að sögn stjórnvalda á Íslandi voru eðli og umfang verkefnisins skýrt skilgreind í tilboðsferlinu og síðar í samningi við Símann (þ.e. að byggja upp grunnvirki til að hægt væri að bjóða háhraðanettengingu fyrir tiltekna byggingar). Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að í þessu tiltekna tilviki hafi Símanum verið formlega falið að veita þjónustuna og fullnægja kvöðinni með undirritun samningsins.
- 49) Stjórnvöld á Íslandi vekja athygli á því að forsendur endurgjaldsins voru ákvarðaðar á grundvelli útbodsgagnanna með fyrrnefndum samningi. Samningurinn kveður skýrt, og með gagnsæjum hætti, á um það endurgjald sem veita á Símanum fyrir veitingu þjónustunnar. Endurgjaldinu, sem samningurinn kveður á um, hefur ekki verið breytt og hann heimilar engar breytingar sem ívilna Símanum.
- 50) Stjórnvöld á Íslandi leggja enn fremur áherslu á að raunverulegt framlag sé verulega lægra en kostnaðarmat fjarskiptasjóðs og ráðgjafa hans og ekkert sé greitt umfram það sem nauðsyn krefur svo hægt sé að ljúka verkefninu. Sú staðreynd að raunkostnaður við verkefnið sé verulega lægri en áætlaður kostnaður fyrir áþekka netlausn er til marks um að stjórnvöld á Íslandi hafi gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir ofgreiðslu.
- 51) Að sögn stjórnvalda á Íslandi eru samningaviðræður í kjölfar vals á Símanum byggðar beint á útbodsfærlinu og voru sem slíkar framlenging á ferlinu. Greiðslur til Símans eru gerðar í samræmi við fyrirframákveðna greiðsluáætlun tengda framvindu verkefnisins sem kemur í veg fyrir mögulega ofgreiðslu. Í samræmi við 19. gr. samningsins lagði Síminn fram bankaábyrgð frá Nýja Kaupþingi, dagsetta 17. febrúar 2009, sem var fyrirkomulag á endurgreiðslu sem koma átti í veg fyrir ofgreiðslu endurgjalds. ⁽⁴⁵⁾ Í samningnum er enn fremur kveðið á um strangt greiðslufyrirkomulag í samræmi við framvindu verkefnisins sem felur í sér að greiðslur eru að vissu marki háðar raunverulegum árangri við uppbyggingu kerfisins og móttökum viðskiptavina,

⁽⁴²⁾ Vísa stjórnvöld í þessu tilliti til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 264/2002 *London Underground* (Stjtið. ESB C 309, 12.12.2002, bls. 15), 79. mgr. og ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar SA.22843 um ríkisaðstoð sem stjórnvöld í Frakklandi hafa veitt Société Nationale Maritime Corse-Méditerranée (Stjtið. ESB L 220, 17.8.2013, bls. 20).

⁽⁴³⁾ Vísa stjórnvöld í þessu tilliti til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 46/2007 *Welsh Public Sector Network Scheme* (Stjtið. ESB C 157, 10.7.2007, bls. 2).

⁽⁴⁴⁾ Þau vísa í þessu tilliti til ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar N 196/2010 *Uppsetning á sjálfbæru grunnvirki fyrir tengingar við breiðbandsnet um gjörvallt Eistland (EstWin-verkefnið)* (Stjtið. ESB C 60, 25.2.2011, bls. 3).


⁽⁴⁵⁾ Skjal nr. 665602.

eins og kveðið er á um í 16. gr. samningsins. Að lokum er að finna ákvæði um bótaskyldu í 11. gr. samningsins þar sem Símanum er gert að greiða bætur ef tafir verða, auk ákvæðis í 13. gr. samningsins um misbrest á efnudum.

- 52) Loks halda stjórnvöld á Íslandi því fram að jafnvel þótt Eftirlitsstofnun EFTA kæmist að þeirri niðurstöðu að aukið umfang og endurgjald verkefnisins væri ekki að öllu leyti í samræmi við regluramma um innkaup skyldi telja opna útboðið, ásamt mati óháðra ráðgjafa, viðeigandi viðmið vegna endurgjalds. Þeir þættir saman skyldu hið minnsta teljast sterk vísending um kostnað sem dæmigert, vel rekið fyrirtæki yrði að standa straum af á viðkomandi markaði. Þar eð endurgjald til Símans var lægra en sú viðmiðun ber að telja síðasta skilyrði *Altmark*-prófsins fullnægt. Stjórnvöld á Íslandi vilja einnig ítreka að jafnvel þótt breytingarnar hafi verið gerðar sé tilboð Símans enn langsamlega hagkvæmasta tilboðið fjárhagslega.

4.2 Reglur um opinber innkaup

- 53) Að sögn stjórnvalda á Íslandi var innkaupaferlið í samræmi við reglur EES um ríkisaðstoð og tryggði að fullu jafna meðferð allra rekstraraðila á markaðnum. Stjórnvöld á Íslandi benda einnig á að þær breytingar sem gerðar voru á verkefninu meðan á samningaviðræðum við Símann stóð hafi ekki brotið gegn grundvallarreglum um jafnrétti og gagnsæi, einkum í ljósi sveigjanlegs umfangs verkefnisins.
- 54) Þegar áformað þjónustuvæði WBS var fjarlægð af korti yfir útbreiðslu bættust við 670 „hvítar“ byggingar til viðbótar. Þegar fjarskiptasjóður óskaði eftir því að Ríkiskaup auglýstu aftur eftir áformum um að bjóða þjónustu fyrir þessar 670 byggingar var það gert með auglýsingu og ekki einungis með beinum samskiptum við þá fáu rekstraraðila sem höfðu áður skilað tilboðum. Þessari aðferð var beitt í upphafi þegar auglýst var eftir upplýsingum um þjónustuvæði. Stjórnvöld á Íslandi leggja áherslu á að ekki hefði talist nægja að eiga í tvíhliða samskiptum við þá aðila sem höfðu áður lagt fram tilboð.
- 55) Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að þær breytingar sem gerðar voru á umfangi og endurgjaldi samningsins hafi verið nauðsynlegar til að fella inn „hvítu“ viðbótarbyggingarnar 670 og það endurgjald sem af því leiddi. Verðið fyrir viðbótarbyggingarnar var meðalverð á einingu í upphaflegu tilboði Símans sem var valið fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið í almennu útboði. Endurgjald vegna viðbótarbygginga skyldi því teljast framlenging á upphaflega tilboðinu og vera einnig á markaðsforsendum. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er þetta vísending um samfelld ferli fremur en sönnun þess að endursamið hafi verið um grundvallarskilmála samningsins.



- 56) Eins og áður hefur verið tekið fram var upphaflegt umfang verkefnisins að minnsta kosti 1.119 byggingar. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er það eðli slíkra verkefna að staðalistar eru stöðugt að breytast meðan á verkefninu stendur. Eins og sjá má á línuritinu hér að ofan hafa verið stöðugar sveiflur á listanum frá 2008 til 2011. ⁽⁴⁶⁾ Það er ekki fyrir en árið 2011 sem greina má jafnvægispunkt í verkefninu, og þó eru enn breytingar á listanum sem halda áfram til dagsins í dag. Vegna þessarra óhjákvæmilegu breytna var að áliti stjórnvalda á Íslandi ekki um annað að ræða en að taka upp meðaleiningarverð til að tryggja gagnsæi varðandi þóknun.
- 57) Fjarskiptasjóður telur einnig að nýtt innkaupaferli hefði orðið óþarflega fjárhagslega íþyngjandi fyrir stjórnvöld á Íslandi þar eð gríðarlegar líkur væru á sömu, eða jafnvel óhagstæðari niðurstöðu, auk þess sem breiðbandsvæðingin mundi tefjast í mánuði eða jafnvel ár. Fjarskiptasjóður var enn fremur þeirrar skoðunar að endurgjald vegna viðbótarbygginganna, og verkefnisins í heild sinni, gæti talist afar hagstætt stjórnvöldum á Íslandi þar sem það var hið sama og í upphaflega tilboðinu.
- 58) Fjarskiptasjóður óskaði eftir kostnaðarmati frá ráðgjöfum sínum (Mannviti hf.) í september 2008 vegna þeirra bygginga sem WBS hafði eitt áformað þjónustu við. Hugsanlegt tilboðsverð í kostnaðarmati dagsettu 8. október 2008, ⁽⁴⁷⁾ er talið vera á bilinu 410.000.000 kr. til 820.000.000 krónur fyrir þær um það bil 750 byggingar sem tengdust WBS (mat sem síðar var breytt í 670 auðkenndar „hvítar“ byggingar). Útreiknað meðalverð á byggingu er því frá 546,667 krónur (einfalt kerfi) til 1.093.333 króna (háþróað kerfi).
- 59) Í ljósi þeirra atriða sem greint er frá hér að ofan var samið um meðalverð fyrir viðbótarbyggingarnar 670 milli sjóðsins og Símans með því að nota það meðalverð á einingu sem Síminn bauð upphaflega margfaldað með fjölda nýrra bygginga, þ.e. 338.998 krónur fyrir hverja byggingu. Að teknu tilliti til vísitölubindingar á umsaminni fjárhæð er meðalverð á einingu fyrir allar 1.788 byggingarnar 470.191 króna. Stjórnvöld á Íslandi telja þetta hagstæða niðurstöðu með tilliti til þeirra óeðlilegu efnahagsskilyrða sem þá voru við lýði og þess kostnaðar sem óháður ráðgjafi hafði áður áætlað.
- 60) Að sögn stjórnvalda á Íslandi hefur Síminn látið í ljósi þá skoðun að á heildina litið hafi fyrirtækið ekki notið stærðarhagkvæmni vegna aukins umfangs verkefnisins. Jafnvel þó svo hafi verið á tilteknum svæðum olli oft mjög svo dreifð staðsetning ásamt aðstæðum við „hvítu“ byggingarnar því að á heildina litið hafi slík hagkvæmni ekki verið tilfellið. Mestur hluti aukningarinnar leiddi til þess að Síminn þurfti að endurhanna drjúgan hluta verkefnisins enda þótt sumar viðbótarbygginganna væru á sömu slóðum og byggingar í upphaflega útboðinu, þ.e. finna sendum og loftnetum nýja staði.
- 61) Að því er varðar vísitölutengingu greiðslna, að mestu við danska krónu og að hluta til við vísitölur neysliverðs og launakostnaðar, benda stjórnvöld á Íslandi á óeðlilegt ástand sem var við lýði haustið 2008 og þau vandamál sem stöðjuðu að íslenska hagkerfinu. Verulegar breytingar urðu á efnahagssumhverfi á Íslandi meðan á samningaviðræðum milli Símans og stjórnvalda á Íslandi stóð. Að sögn stjórnvalda á Íslandi var vísitölubinding samningsupphæðar við danska krónu vegna þessarra fordæmalausu og ófyrirsjáanlegu atburða, einkum þar sem verkefnið fól í sér veruleg kaup á búnaði í erlendum gjaldmiðli. Á þessum tíma var augljóst að sveiflur á íslenskri krónu mundu ógilda allar forsendur Símans til að ganga til samninga. Samkvæmt þeim upplýsingum sem Síminn lagði fram til stjórnvalda á Íslandi voru 80% samningsupphæðarinnar ætluð til kaupa á búnaði í danskri krónu. ⁽⁴⁸⁾ Í ljósi þess samþykktu stjórnvöld á Íslandi að binda verðið við danska krónu eins og hún var 3. september 2008.
- 62) Að sögn stjórnvalda á Íslandi var það enn fremur ljóst, þegar íslenska krónan hafði orðið fyrir umtalsverðri gengislækkun, að ekki væri réttlætjanlegt að ganga til samninga nema þau tryggðu að fyrirtækið lenti ekki í verulegum þrengingum vegna frjáls falls gengis íslensku krónunnar sem var orðin verulega óstöðug. Greinilegt er að ekki væri réttmætt fyrir Símann að taka á sig alla áhættuna sem leiddi af þessum bráðu og ófyrirsjáanlegu kringumstæðum. Í íslenskum og alþjóðlegum samningarétti er viðurkennt að þegar ófyrirséðir atburðir verða, sem raska í

⁽⁴⁶⁾ Línurit sem stjórnvöld á Íslandi lögðu fram (skjal nr. 687314).

⁽⁴⁷⁾ Skjal nr. 687320.

⁽⁴⁸⁾ Samkvæmt útreikningi og gögnum frá Símanum nam kostnaður vegna kaupa á búnaði í erlendum gjaldmiðli að lokum 85% móttækinnna greiðslna vegna verkefnisins (skjal nr. 694234).

grundvallaratriðum jafnvægi samnings og leiða til þess að hann verður óhóflega íþyngjandi fyrir einn samningsaðilanna sem um ræðir, nánar tiltekið óviðráðanlegar aðstæður sem gera efndir erfðar, getur sá samningsaðilanna sem slík byrði hvílir á óskað eftir breytingu á samningi eða jafnvel losnað alfarið undan slíkum samningi. Stjórnvöld á Íslandi leggja engu að síður áherslu á að þetta hafi ekki falið í sér að öll áhættan hafi hvílt á þeim þar eð Síminn varð einnig fyrir kostnaðaraukningu vegna annarra verkþátta sem tengdust ekki gengi á danskri krónu, þ.e. launa, olíu og annarra aðfanga.

- 63) Að sögn stjórnvalda á Íslandi er nálgun þeirra, með tilliti til aukins umfangs verkefnisins, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins varðandi *London Underground* ⁽⁴⁹⁾ þar sem framkvæmdastjórnin viðurkenndi að viðeigandi var að taka til athugunar hvort, með breytingunum, hefði tilboð verktakans áfram verið besta tilboðið. Í slíkum tilvikum fælist óhóflegur kostnaður í því að hefja fullkomlega nýtt útboðsferli.
- 64) Stjórnvöld á Íslandi ákváðu því að gera breytingar á samningnum fremur en að hefja nýtt útboðsferli á samkeppnisgrundvelli og þau vekja athygli á því að þau hljóti að hafa umtalsvert ákvörðunarfrelsi hvað þetta varðar, einkum þar eð samningurinn var til langs tíma og flókinn og vegna efnahagslegra aðstæðna á Íslandi á þeim tíma. Í fyrsta lagi töldust breytingarnar rúmast innan upphaflega útboðsins að sögn stjórnvalda á Íslandi þrátt fyrir að aðstæðurnar hefðu verið ófyrirsjáanlegar. Í öðru lagi hefði nýtt ferli tafið verkefnið um mánuði eða jafnvel ár. Í þriðja lagi töldu stjórnvöld á Íslandi tilboðið vera hagstætt og að þjónustan væri veitt á lægsta verðinu fyrir samfélagið. Vegna aðstæðna í íslensku hagkerfi var talið mjög ólíklegt, jafnvel ómögulegt, að betra tilboð hefði komið fram í slíku ferli en var upphaflega boðið. Stjórnvöld á Íslandi gerðu ekki breytingar á samningnum til að hygla Símanum heldur til að tryggja að verkefnið yrði innt af hendi á sem lægstu verði með tilliti til (ófyrirsjáanlegu) aðstæðnanna. Stjórnvöld á Íslandi lögðu að lokum áherslu á að tilboð Símans, með viðbótarbyggingunum 670, auk hækkunar á endurgjaldi og vísitölubindingar við danska krónu, væri enn langhagstæðasta tilboðið fjárhagslega.

4.3 *Samrýmanleiki hinnar meintu ríkisaðstoðar*

- 65) Stjórnvöld á Íslandi hafa lýst þeirri skoðun sinni að færi svo að Eftirlitsstofnun EFTA teldi ráðstöfunina fela í sér ríkisaðstoð, kynni slík aðstoð að samrýmast c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins, með vísan til markmiða ráðstöfunarinnar, m.a. að auka aðgang að opinberu breiðbandi á svæðum sem njóta byggðaaðstoðar.
- 66) Að sögn stjórnvalda á Íslandi hefur ráðstöfunin bæði bætt úr og mun bæta úr landfræðilegum og viðskiptalegum annmörkum og má réttlæta hana á hlutlægan hátt vegna skorts á breiðbandsþjónustu sem stafar af því að hugsanlegir og raunverulegir áskrifendur búa ekki nógu þétt til að veiting breiðbandsþjónustu sé fjárhagslega hagkvæm á markaðsforsendum einum og sér. Stjórnvöld á Íslandi eru þeirrar skoðunar að hugsanleg ríkisaðstoð og samkeppnisröskun hafi verið lágmörkuð með tilhöggun ráðstöfunarinnar.
- 67) Stjórnvöld á Íslandi taka enn fremur fram að þriðju aðilum hafi staðið opin aðgangur til boða í nokkra mánuði áður en sala hófst í verkefninu. Þau taka fram að þegar sala hófst í hverjum hluta hafi fjarskiptasjóður tilkynnt íbúum að Síminn væri ekki eini smásalinn og að allir aðrir smásalar gætu selt fólki sem byggi/ygni á svæðinu netþjónustu. Að sögn stjórnvalda á Íslandi býður Síminn enn fremur þriðju aðilum (reiki) aðgang að talþjónustu í gegnum 2G GSM en hvorki er kveðið á um heildsöluaðgang að talþjónustu í gegnum 3G í útboðsgögnum né samningnum þar eð umrætt verkefni varðar ekki veitingu talþjónustu í gegnum 3G.
- 68) Stjórnvöld á Íslandi taka enn fremur fram að Síminn hafi boðið Vodafone 3G aðgang að reiki á markaðsforsendum, en að fyrirtækið hafi samkvæmt Símanum ekki verið reiðubúið til að ganga til samninga þar eð Vodafone sé með virkan reikisamning fyrir 3G við Nova. Að sögn stjórnvalda á Íslandi heldur kvartandi því ranglega fram að samningur milli Símans og fjarskiptasjóðs hafi takmarkast við endursöluaðgang frekar en heildsöluaðgang sem mælt er fyrir um í útboðsgögnum. Þvert á móti býður Síminn öllum samkeppnisaðilum sínum heildsöluaðgang að ADSL kerfi sínu í samræmi við ákvörðun PFS nr. 8/2008. Stjórnvöld á Íslandi leggja enn fremur áherslu á þann grundvallarmun, eins og kemur fram í AM-skýrslunni, sem er á heildsöluaðgangi að DSL kerfi

⁽⁴⁹⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. 264/2002, *London Underground Public Private Partnership* (Stjtíð. ESB C 319, 12.12.2002, bls. 15).

og 3G gagnaflutningskerfi. Stjórnvöld á Íslandi vísa einnig til þess álits Analysis Mason að þráðlausar samtengingarleiðir á heildsölumarkaði á Íslandi séu fullnægjandi fyrir þessi tilteknu inngríp um útbreiðslu breiðbands á Íslandi.

- 69) Stjórnvöld á Íslandi halda því enn fremur fram að umrætt verkefni og samningurinn við Símann hafi ekki haft nein, eða mjög takmörkuð, áhrif á samkeppni og viðskipti. Að sögn stjórnvalda á Íslandi hefur ekkert komið fram í málinu sem gefur til kynna að Símann hafi notið óréttmæts efnahagslegs ávinnings eða að gerð markaðarins hafi orðið fyrir skaðlegum áhrifum.
- 70) Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá stjórnvöldum á Íslandi hefur markaðshlutdeild þriggja stærstu fyrirtækjanna á farsímamarkaði undanfarin ár almennt verið að jafnast. Markaðshlutdeild Símans féll úr 62% árið 2005 í 40% árið 2011 og markaðshlutdeild Nova hafði vaxið í 24% árið 2011 úr 0% árið 2007. Markaðshlutdeild Vodafone minnkaði úr 38% árið 2005 í 30% árið 2011. Þessi þróun hélt áfram árið 2012 og markaðshlutdeild þessarra þriggja fyrirtækja jafnaðist enn frekar eins og sjá má í tölfraeðiskýrslu PFS fyrir árin 2010–2012. ⁽⁵⁰⁾ Samkvæmt skýrslunni var markaðshlutdeild Símans 37,4% í árslok 2012 þegar heildarfjöldi áskrifta var reiknaður, markaðshlutdeild Vodafone var 28,9% og markaðshlutdeild Nova hafði aukist í 28,3%.
- 71) Stjórnvöld á Íslandi vekja einnig athygli á því að Símann er, og var þá, undir ströngu eftirliti Samkeppniseftirlitsins og PFS. Stjórnvöld á Íslandi vekja athygli á því að móðurfélag Símans, Skipti, gerði samkomulag við Samkeppniseftirlitið 26. mars 2013 sem tryggir að samkeppnisaðilar Símans hafi jafnan aðgang að grunnfjarskiptakerfi Skipta. Allar vísbindingar um samkeppniströskun leiða til formlegrar rannsóknar fyrir hönd framangreindra yfirvalda. Símann mundi sæta viðurlögum vegna slíkrar röskunar. Að sögn stjórnvalda á Íslandi eru engar rannsóknir yfirstandandi hjá Samkeppniseftirlitinu eða PFS vegna þess verkefnis sem hér er um að ræða.
- 72) Stjórnvöld á Íslandi benda enn fremur á að verkefnið hefur stækkað markaðinn fyrir alla markaðsaðila. Samkeppnisaðilum Símans er boðinn heildsöluaðgangur að netkerfinu á sams konar kjörum. Frá því að þjónustan var fyrst boðin hafa því allir rekstraraðilar, sem hafa sýnt því áhuga, getað boðið endanlegum viðskiptavinum þjónustu á sama grundvelli og, samkvæmt upplýsingum sem hafa borist frá Símanum, eru nokkrir samkeppnisaðilar með heildsöluaðgang til að bjóða annaðhvort þjónustu í gegnum ADSL eða UMTS á smásölustigi. Stjórnvöld á Íslandi benda einnig á meintar rangfærslur í ákvörðuninni um að hefja rannsókn varðandi óskir kvartanda, Vodafone, um heildsöluaðgang og meinta neitun Símans um að veita slíkan aðgang. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er staðreyndin sú að umbeðinn aðgangur að 3G sendum Símans, svonefnt reiki, heyrir ekki undir umrætt verkefni. Símann var reiðubúinn til að veita Vodafone aðgang að 3G sendunum en hafnaði að slíkur aðgangur væri hluti af verkefninu.
- 73) Stjórnvöld á Íslandi leggja loks áherslu á það metnaðarfulla markmið verkefnisins að innleiða breiðband á afmörkuðum dreifbýlissvæðum á Íslandi. Því markmiði hefur verið náð. Ísland er í úrvalshópi þjóða sem geta staðhæft með fullri vissu að aðgangur sé að breiðbandsþjónustu á öllum föstum búsetustöðum. Að sögn stjórnvalda á Íslandi ber að taka tillit til þess að allt að 1.788 byggingar heyrðu undir verkefnið, að byggingarnar voru á víð og dreif um stórt svæði á Íslandi og að verkefnið hófst aðeins nokkrum mánuðum eftir að Ísland lenti í mestu efnahagskreppu í sögu landsins. Stjórnvöld á Íslandi gera sér fulla grein fyrir skuldbindingum sínum samkvæmt reglum um ríkisaðstoð í EES-samningnum og starfsvenjum um ákvarðanatöku á sviðinu (síðar felldar inn í leiðbeinandi reglur um breiðband) og leitust við að fylgja þeim á hverju stigi verkefnisins.
- 74) Þegar á heildina er litið komast stjórnvöld á Íslandi að þeirri niðurstöðu að telja skuli heildaráhrif ráðstöfunarinnar jákvæð. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er ráðstöfunin greinilega í samræmi við markmið c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar eð hún greiðir fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins (smásölu og heildsölu breiðbandsþjónustu) á afskekktum og dreifbýlum svæðum á Íslandi.
- 75) Með hliðsjón af öllu því sem að framan greinir halda stjórnvöld á Íslandi því fram að sú hugsanlega aðstoð sem er fólgin í ráðstöfuninni sé samrýmanleg c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

⁽⁵⁰⁾ Sjá: http://www.pfs.is/upload/files/Tolfraediskyrsla_PFS_Isl.fjarskiptamarkadur_2010_til_2012.pdf.

5 Athugasemdir frá Símanum

5.1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 76) Síminn lagði fram athugasemdir sínar við ákvörðunina um að hefja rannsókn, auk viðbótarskjala, með bréfi dagsettu 20. desember 2013. ⁽⁵¹⁾ Síminn er þeirrar skoðunar að fjármögnun umræddrar breiðbandsvæðingar hafi ekki falið í sér ríkisaðstoð. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins verður ráðstöfun að fullnægja tilteknum skilyrðum til þess að hún feli í sér ríkisaðstoðarþætti. Síminn telur að þessum skilyrðum hafi ekki verið fullnægt, einkum í ljósi þess að Síminn naut ekki efnahagslegs ávinnings.
- 77) Síminn vekur athygli á því að í dómi dómstóls Evrópusambandsins í *Altmark*-málinu skýri dómstóllinn skilyrði þess að endurgjald vegna opinberrar þjónustu teljist ekki ríkisaðstoð þegar ekki er um neinn ávinning að ræða. ⁽⁵²⁾ Síminn heldur því fram að umrædd ráðstöfun feli í sér fjármögnun opinberrar þjónustu og að skilyrðunum fjórum í *Altmark*-prófinu sé fullnægt samtímis.
- 78) Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að viðkomandi samningur hafi ekki veitt Símanum efnahagslegan ávinning umfram markaðskjör. Beiting samkeppnishæfs, gagnsæs útboðs á jafnréttisgrundvelli hefur talist nægja til að gera megi ráð fyrir því að ríkisaðstoð hafi ekki verið veitt þeim rekstraraðila sem valinn er í ferlinu, þar eð ferlið tryggir að um markaðsverð sé að ræða. ⁽⁵³⁾ Í opna útboðsferlinu voru sett fram fjögur hlutlæg matsviðmið. Gilt tilboð sem hlyti flest stig yrði hlutskarpast í útboðinu. Öllum sem áhuga hefðu væri frjálst að taka þátt í útboðsferlinu og leggja fram tilboð. Útboðið var tæknilega óháð, þ.e. opið öllum tæknilausnum í því skyni að hygla ekki neinum rekstraraðila á markaðnum. Síminn hlaut flest stig og varð hlutskarpastur í útboðinu. Því var viðmiðunum um samkeppnishæft valferli og val á fjárhagslega hagkvæmasta tilboðinu fullnægt. Síminn var einnig sá bjóðandi sem bauð þjónustuna á lægsta verðinu fyrir samfélagið.
- 79) Samkvæmt Símanum voru þær breytingar sem gerðar voru á umfangi og endurgjaldi samningsins nauðsynlegar til að fella inn „hvítu“ viðbótarbyggingarnar 670 og endurgjaldið sem af þeim leiddi. Endurgjald vegna viðbótarbygginganna var meðalverð á einingu í upphaflegu tilboði Símans. Endurgjald vegna viðbótarbygginga skyldi því teljast hafa verið framlenging á upphaflega tilboðinu og einnig vera á markaðsforsendum. Því leggur Síminn áherslu á að ekki sé um ríkisaðstoð að ræða þar sem heildarskilmálar hafi ekki verið hagkvæmari fyrir Símann en skilmálar upphaflega útboðsins. ⁽⁵⁴⁾ Samkvæmt Símanum getur það enn fremur ekki falið sjálfkrafa í sér að ákveðnu fyrirtæki hafi verið hyglað að það fyrirtæki sem bauð lægsta og fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið hafi verið valið til að inna verkefnið af hendi.
- 80) Samkvæmt Símanum er raunverulegt meðalverð á einingu fyrir Símann (kostnaður fyrir hverja byggingu) [...] krónur en meðalverð á einingu sem Síminn fékk greitt er 470.191 króna. Eins og fram kemur í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var það verð sem Símanum var greitt eftir aukningu umfangsins eftir sem áður mun lægra en það verð sem aðrir bjóðendur buðu, og það verð sem ráðgjafar sjóðsins áætluðu fyrir fram. ⁽⁵⁵⁾ Síminn hefur fram til þessa þegið 836.457.351 krónur með endurgjaldi fyrir viðbótarbyggingarnar 670 og vísitölutengingu við danska krónu. Tilboð Vodafone nam 1.858.339.001 krónu og var næstlægsta gilda tilboðið í útboðinu, meira en tvöfalt herra en endurgjaldið til Símans, jafnvel að teknu tilliti til viðbótarbygginganna og vísitölutengingar við danska krónu.
- 81) Síminn heldur því fram að fyrirtækið hafi ekki notið stærðarhagkvæmni á heildina litið vegna aukins umfangs verkefnisins. Jafnvel þó svo hafi verið á tilteknum svæðum, olli oft mjög svo dreifð staðsetning ásamt aðstæðum við „hvítu“ byggingarnar því að á heildina litið var ekki um hana að ræða. Mestur hluti aukningarinnar leiddi til þess að Síminn þurfti að endurhanna drjúgan hluta verkefnisins enda þótt sumar viðbótarbygginganna væru á sömu slóðum og byggingar í upphaflega útboðinu, þ.e. finna sendum og loftnetum nýja staði. Samkvæmt Símanum naut fyrirtækið því ekki raunverulegs fjárhagslegs ávinnings sem hafi komið því í vænlegri stöðu en keppinautar þess njóta. ⁽⁵⁶⁾

⁽⁵¹⁾ Skjöl nr. 694234, 694235, 694236, 694237 og 694238.

⁽⁵²⁾ Dómur í *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg*, C-280/00, EU:C:2003:415.

⁽⁵³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. 264/2002, *London Underground Public Private Partnership* (Stjtið. ESB C 319, 12.12.2002, bls. 15), 79. mgr.

⁽⁵⁴⁾ Sjá sama mál, 120. og 125. mgr.

⁽⁵⁵⁾ Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá stjórnvöldum á Íslandi (skjal nr. 687320) áætluðu ráðgjafar sjóðsins að hugsanlegt tilboðsverð yrði á bilinu 410.000.000 til 820.000.000 króna vegna um það bil 750 viðbótarbygginga (mat sem var síðar breytt í 670 auðkenndar „hvítar“ byggingar), þ.e.a.s. meðalverð á byggingu milli 546.667 krónur (einfalt kerfi) og 1.093.333 krónur (háþróað kerfi).

⁽⁵⁶⁾ Dómur í málinu *Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins gegn Deutsche Post AG*, C-399/08 P, EU:C:2010:481, 41. mgr.

82) Samkvæmt Símanum bendir sú staðreynd, að raunkostnaður við verkefnið er lægri en áætlaður kostnaður, og að endurgjaldið er bæði gagnsætt og í samræmi við kostnað, til þess að stjórnvöld á Íslandi hafi komið á ferli til að koma í veg fyrir ofgreiðslu.

83) Í ljósi framangreinds rökstuðnings, ásamt röksemdum stjórnvalda á Íslandi, telur Síminn að ekki hafi falist ríkisaðstoð í ráðstöfuninni.

5.2 Samrýmanleiki hinnar meintu ríkisaðstoðar

84) Teldi Eftirlitsstofnun EFTA að flokka ætti verkefnið sem ríkisaðstoð heldur Síminn því fram að ráðstafanirnar ættu að teljast aðstoð sem samrýmist c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

85) Síminn heldur því fram að verkefnið hafi verið hannað með þeim hætti að það lágmarkaði samkeppnisröskun, m.a. með því að tryggja öllum þriðju aðilum heildsöluaðgang. Með þeim heildsöluaðgangi er þriðju aðilum sem veita þjónustu gert kleift að stunda virka samkeppni á markaðinum, og með því styrkja valkosti og samkeppni á þeim svæðum sem ráðstöfunin varðar, á sama tíma og komið er í veg fyrir að einokunaraðstaða skapist í svæðisbundinni þjónustu. Breiðbandsnetið var hannað þannig að það væri óháð, opið og aðgengilegt öllum rekstraraðilum sem áhuga hefðu á heildsöluaðgangi á sams konar kjörum.

86) Samkvæmt Símanum kveður samningurinn greinilega á um að samkeppnisaðilar hafi aðgang að grunnvirkinu og þar af leiðandi hefur heildsöluaðgangur verið veittur frá upphafi verkefnisins. ⁽⁵⁷⁾ Samkvæmt Símanum var ákveðið að fylgja líkani fyrir ADSL aðgang sem er nefnt „bitastraumsaðgangur í föstu netkerfi“ fyrir heildsöluaðgang að ADSL og það líkan var einnig notað til viðmiðunar fyrir 3G þar eð ekkert viðmiðunarlíkan fyrir 3G var þekkt á þeim tíma. Síminn bendir á að reglum PFS um ADSL aðgang hafi verið fylgt. Til nánari skýringar á tæknilegum atriðum varðandi heildsöluaðgang lagði Síminn fram fyrrnefnda AM-skýrslu. ⁽⁵⁸⁾ Grundvallarmunur er á heildsöluaðgangi að DSL kerfi og 3G gagnaflutningskerfi samkvæmt AM-skýrslunni. Samkvæmt AM-skýrslunni eru núverandi þráðlausar samtengingarleiðir á heildsölumarkaði á Íslandi enn fremur fullnægjandi að því er varðar tiltekna íhlutun vegna útbreiðslu breiðbands á Íslandi. AM-skýrslan vísar einnig til þess að sömu tæknilausn var beitt við 3G heildsöluaðgang í álíka breiðbandsverkefni sem var unnið á sama tíma á Írlandi og sem var samþykkt af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. ⁽⁵⁹⁾

87) Samkvæmt Símanum hefur kvartandi ranglega haldið því fram að hann hafi margsinnis og án árangurs óskað eftir heildsöluaðgangi að netkerfinu og að það hafi veitt Símanum umtalsvert hagræði með því að vera fyrstur inn á markað. Síminn leggur áherslu á að Vodafone hafi einungis óskað eftir reiki í 3G sendum Símans í því skyni að veita 3G farsímafjarskipti, sem tengjast umræddu verkefni ekki á nokkurn hátt. Samkvæmt Símanum hefur Vodafone verið boðið 3G reiki á markaðsforsendum en Vodafone ekki verið reiðubúið til að ganga til samninga. Samkvæmt Símanum hefur Vodafone hins vegar aldrei óskað eftir heildsölu- eða endursöluaðgangi að háhraðaþjónustu fyrir Netið í gegnum UMTS, ADSL eða gervihnött á þeim svæðum sem heyra undir verkefnið.

88) Síminn heldur því fram að umrætt verkefni hafi ekki haft nein, eða mjög takmörkuð, áhrif á samkeppni og viðskipti. Samkvæmt Símanum hefur ekkert komið fram í málinu sem gefur til kynna að fyrirtækið hafi notið óréttmæts efnahagslegs ávinnings eða að uppbygging markaðarins hafi orðið fyrir skaðlegum áhrifum af samningnum.

89) Síminn vekur athygli á því að verkefnið snýr einungis að þeim fyrirtækjum og einstaklingum sem búa á umræddum svæðum. Byggingarnar eru á við og dreif um land allt og því ætti ekki að telja þær sérstakan markað. Þær eru frekar hluti af heildarmarkaði með breiðband á Íslandi. Á Íslandi eru meira en 109.000 háhraðanettengingar. Verkefnið snýr að breiðbandsvæðingu alls 1.788 bygginga í dreifbýli á Íslandi. Af þessum 1.788 byggingum hafa 1.050 áskrift að breiðbandsþjónustu, og af þeim 559 í gegnum UMTS. Verkefnið varðar því aðeins 0,96% viðkomandi markaðar og byggingarnar 559, með UMTS tengingum, eru einungis 0,51% af viðkomandi markaði.

⁽⁵⁷⁾ Frá upphafi verkefnisins hefur Síminn boðið UMTS heildsöluaðgang á vefsíðu sinni. Fjarskiptafélagið Tal hefur m.a. gert slíkan samning við Símann. Nánari upplýsingar er að finna á eftirfarandi vefslóð: <https://heildsala.siminn.is/>.

⁽⁵⁸⁾ Skjal nr. 694646.

⁽⁵⁹⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 475/2007, *Ireland National Broadband Scheme (NBS)* (Stjtið. ESB 18, 24.1.2009, bls. 1).

- 90) Síminn bendir enn fremur á að hann var þá, og er enn, undir ströngu eftirliti bæði Samkeppnis-
eftirlitsins og PFS. Síminn, móðurfélag þess Skipti og Míla gerðu sátt við Samkeppniseftirlitið 8.
mars 2013 í kjölfar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2013, sem var birt 26. mars 2013, og
tryggir hún jafnan aðgang samkeppnisaðila Símans og Mílu að grunnfjarskiptakerfum Skipta og
dótturfélaga þess. Allar vísbendingar um samkeppnisröskun af hálfu Símans myndu því leiða til
formlegrar rannsóknar fyrir hönd framangreindra yfirvalda.
- 91) Í ljósi þeirra atriða sem greint er frá hér að framan kemst Síminn að þeirri niðurstöðu að telja skuli
heildaráhrif ráðstöfunarinnar jákvæð. Ráðstöfunin er greinilega í samræmi við markmið c-liðar
3. mgr. 61. gr. EES-samningsins þar eð hún greiðir fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins
(smásölu og heildsölu breiðbandsþjónustu) á afskekktum og dreifbýlum svæðum á Íslandi.
Síminn telur að verkefnið hafi verið hannað með þeim hætti að það lágmarki alla hugsanlega
ríkisaðstoð og samkeppnisröskun. Ef svo færi að Eftirlitsstofnun EFTA teldi að ríkisaðstoð fælist
í ráðstöfuninni heldur Síminn því þar af leiðandi fram að hugsanleg aðstoð sé samrýmanleg við
c-lið 3. mgr. 61. EES-samningsins.

6 Athugasemdir kvartanda (Vodafone)

- 92) Með bréfi dagsettu 23. desember 2013 bárust Eftirlitsstofnun EFTA frekari athugasemdir frá
Vodafone. ⁽⁶⁰⁾ Samkvæmt kvörtuninni veitti fjarskiptasjóður Símanum ólögmeða ríkisaðstoð með
samningnum milli aðilanna tveggja. Kvartandi heldur því fram að galli hafi verið á útboðsferlinu
þar eð umtalsverðar breytingar voru gerðar á lokasamningi milli Símans og fjarskiptasjóðs að
undirlagi Símans og að þær hafi verið afar hagkvæmar fyrir Símann.
- 93) Samkvæmt kvartanda er ekki unnt að útiloka ríkisaðstoð í þessu máli með því að vísa til þess að
tilboð Símans var umtalsvert lægra en tilboð sem aðrir aðilar lögðu fram. Í fyrsta lagi er greinilegt
að öðrum bjóðendum stóð ekki til boða að leggja fram nýtt boð eftir endurskoðun verkefnisins.
Í öðru lagi er greinilegt að vegna verulegrar aukningar á greiðslum, sem leiddi af breytingum
sem voru gerðar, er ekki unnt að útiloka að samkeppnisaðilar hefðu getað lagt fram lægri boð í
verkefnið eins og því var breytt.
- 94) Kvartandi heldur því fram að aðgangurinn sem lokasamningurinn mælti fyrir um hafi takmarkast
við endursöluaðgang frekar en þann heildsöluaðgang sem upphaflega var mælt fyrir um í
útboðsgögnunum. ⁽⁶¹⁾ Kvartandi fullyrðir að hann hafi margsinnis óskað eftir heildsöluaðgangi
að netkerfinu án árangurs. ⁽⁶²⁾ Enn fremur vekur kvartandi athygli á því að þau svör sem hann
hafi fengið um aðgangskröfur frá fjarskiptasjóði hafi verið ófullnægjandi. Samkvæmt kvartanda
hefur þetta leitt til óviðunandi samkeppnisröskunar og hefur veitt Símanum umtalsvert hagræði
sem fylgir því að vera fyrstur inn á viðkomandi markað.
- 95) Samkvæmt kvartanda er ekkert sem kemur í veg fyrir að Síminn bjóði reiknaðgang að UMTS
kerfinu. Þrjár almennar leiðir standa til boða fyrir heildsöluaðgang sem byggir á GSM og
síðar á UMTS/3G netkerfisstöðlum, þ.e. smásöluaðgangur, heildsöluaðgangur að reiki og
sýndarnetaðgangur.
- 96) Kvartandi tekur fram að Síminn hafi ekki útskýrt hvernig þjónustunni stafi hættu af því að
fyrirtækið veiti reiknaðgang að UMTS/3G netkerfi sínu. Samkvæmt kvartanda framleiðir Síminn
ekki eigin endabúnað en hann er framleiddur af ýmsum framleiðendum um allan heim og allir
markaðsaðilar geta notað hann og keypt. Það hefur ekki áhrif á gæði þjónustunnar hvort í honum
sé SIM-kort frá Símanum, Vodafone eða nokkru öðru fjarskiptafyrirtæki. Samkvæmt kvartanda
eru gæðin þau sömu.

⁽⁶⁰⁾ Skjal nr. 694646.

⁽⁶¹⁾ Eins lýst er nánar í 32. mgr. hér að framan voru upphaflega settar fram ýmsar mögulegar aðgangsleiðir í útboðsgögnunum þar
sem ADSL grunnvirki (sjá skilgreiningu á þessari tækni í 28. nmgr.) er notað til að veita umrædda breiðbandsþjónustu. Þær voru
breytilegar, allt frá leiðum með áherslu á endursölu (þar sem þeir sem leita að aðgangi reida sig í umtalsverðum mæli á hýsikerfi/
hýsigrunnvirki rekstraraðila) til leiða með frekari áherslu á grunnvirki (þar sem þeir sem leita að aðgangi reida sig á
eigin kerfi/grunnvirki að mismiklu marki), þótt ekki væri skýrt kveðið á um allar þessar aðgangsleiðir eins og kemur fram í
umfjöllun hér á eftir. Að því er varðar þjónustu í gegnum UMTS (sjá skilgreiningu á þessari tækni í 29. nmgr.) var einungis lagt til
í útboðsgögnunum að bjóða heildsöluaðgang.

⁽⁶²⁾ Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist svipaðar staðhæfingar frá hagsmunaaðila sem heldur því einnig fram að hann hafi reynt án
árangurs að fá heildsöluaðgang að netkerfi Símans (skjal nr. 614576).

- 97) Vodafone vekur athygli á því að fyrirtækið hefur nokkrum sinnum óskað eftir því að Síminn veiti aðgang að UMTS neti sem fjarskiptasjóður fjármagnaði. Það var ekki fyrr en í september 2010, eftir nokkra fundi og formleg bréf, að Síminn bauð Vodafone reikiaðgang að UMTS netinu. Aðgangurinn var hins vegar bundinn slíkum skilmálum að vænlegra hefði verið fyrir Vodafone að byggja eigið netkerfi á þeim svæðum sem verkefnið náði yfir. Samkvæmt tilboðinu var Vodafone gert að greiða árlega 1.500.000 krónur fyrir hvern sendi sem fyrirtækið óskaði eftir aðgangi að.
- 98) Samkvæmt kvartanda er enn fremur ekki ljóst hvort viðbótarstaðirnir mundu leiða til verulegrar aukningar á launakostnaði. Því er ekki unnt að rökstyðja auknar greiðslur með því einu að um fleiri staði sé að ræða. Hvað þetta varðar verður einnig að hafa í huga að í breytingum á samningnum er kveðið á um lengri uppbyggingartíma, þ.e. 18 mánuði í stað 12. Með breytingunum á uppbyggingartímanum gæfist samkvæmt kvartanda tækifæri til að bæta nýtingu starfsfólks í verkefninu og það leiddi síðan til lægri launakostnaðar. Kvartandi heldur því enn fremur fram að breytingar á refsíákvæðum bendi til þess hlift sé við greiðslum sem fyrirtæki þyrfti að jafnaði sjálft að standa straum af.
- 99) Kvartandi bendir einnig á að í 12. gr. útboðsgagna hafi verið mælt fyrir um bankaábyrgð vegna bótakrafna án þess að sýna þurfi fram á vanefndir. Í 13. gr. samningsins er hins vegar ekki mælt fyrir um neina slíka ábyrgð heldur er einungis vísað til ábyrgðar Símans samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar. Gefur þessi breyting til kynna að dregið sé úr álögum sem fyrirtæki þyrfti að jafnaði sjálft að standa straum af. Því ber að meta ávinninginn af því að fallið hafi verið frá bankaábyrgð, þ.e. kostnað við að afla slíkrar ábyrgðar haustið 2008.
- 100) Kvartandi leggur áherslu á að samningurinn hafi valdið verulegri og stöðugri röskun á samkeppni á markaði og að hún sé enn til staðar. Samkvæmt kvartanda hefur ráðstöfunin ekki einungis áhrif á samkeppni í dreifbyli á Íslandi, heldur hafi hún áhrif á markaðinn í heild sinni þar eð eitt viðmiða viðskiptavina við val á fjarskiptafyrirtæki sé útbreiðsla netkerfisins og þjónustunnar. Hvað þetta varðar ber að taka fram að Síminn hefur auglýst sig sem fyrirtækið með útbreiddasta netkerfi í boði á Íslandi.
- 101) Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, heldur kvartandi því fram að fullnægt sé öllum skilyrðum þess að ráðstöfunin teljist fela í sér ríkisaðstoð samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Kvartandi heldur því enn fremur fram að meint aðstoðarráðstöfun falli ekki undir neina viðeigandi undanþágu og því verði að telja að hún samrýmist ekki EES-samningnum.

7 Athugasemdir hagsmunaaðila

7.1 Hringiðan ehf.

- 102) Hringiðan lagði fram athugasemdir við ákvörðunina um að hefja rannsókn með bréfi dagsettu 18. júlí 2013. ⁽⁶³⁾ Í athugasemdum sínum lagði Hringiðan áherslu á þær breytingar sem voru gerðar á samningnum milli Símans og fjarskiptasjóðs frá þeim útboðsgögnum sem Ríkiskaup birtu í febrúar 2008. Hringiðan bendir t.d. á að í útboðsgögnunum hafi aðgangshraði verið skilgreindur sem 2 Mb/s eða hraðari en í samningnum hafi ekki verið skilgreint hvað teldist háhraða-aðgangur. Hringiðan vísar einnig til annarra breytinga á samningnum, svo sem lengri uppbyggingartíma, stækkunar á uppbyggingarsvæðinu, hærri greiðslna og gengistryggingar á greiðslunum í stað þess að stuðst væri við neysluverðsvísitölu.
- 103) Hringiðan heldur því enn fremur fram að Síminn hafi ekki verið krafinn bankaábyrgðar vegna bótakrafna þrátt fyrir skýra kvöð þess efnis í 12. gr. útboðsgagnanna. ⁽⁶⁴⁾ Samkvæmt Hringiðunni voru engir bankar færir um, í kjölfar efnahagssamdráttarins á Íslandi, að veita fullnægjandi bankaábyrgð til einkafyrirtækja sem hefðu fullnægt þeim skilyrðum sem Ríkiskaup settu í útboðinu. Samkvæmt Hringiðunni virðist því sem Síminn hafi verið ófær um að veita bindandi bankaábyrgð meðan á útboðsferlinu stóð og að sú ábyrgð sem hann veitti hafi þar af leiðandi ekki verið bindandi fyrir bankann sem gaf hana út.
- 104) Samkvæmt Hringiðunni eru fyrrnefndar breytingar allar til hagsbóta fyrir Símann og því felist ríkisaðstoð í samningnum sem samrýmist ekki framkvæmd EES-samningsins.

⁽⁶³⁾ Skjal nr. 679306.

⁽⁶⁴⁾ Samkvæmt Hringiðunni var ein meginástæða þess að Ríkiskaup höfnuðu tilboði þeirra skortur á fullnægjandi bankaábyrgð.

7.2 *Nova ehf.*

- 105) Nova sendi Eftirlitsstofnun EFTA athugasemdir með bréfi dagsettu 18. desember 2013. ⁽⁶⁵⁾ Samkvæmt Nova stenst umrædd ráðstöfun ekki jafnvægisprófið þar sem skortur er á skýrri og skilvirkri kvöð um að veita beri heildsöluaðgang með skýrt skilgreindum meginreglum um verðlagningu. Samkvæmt Nova leiðir þetta til óeðlilegs ávinnings fyrir Símann sem raskar samkeppni.
- 106) Nova leggur áherslu á það að þegar ríkisaðstoð er veitt til fjármögnunar á byggingu nýs breiðbandsgrunnvirkis er nauðsynlegt að kveða á um greiðan heildsöluaðgang þriðja aðila að hinu niðurgreidda breiðbandsgrunnvirki. Til að koma í veg fyrir að ríkisaðstoð raski samkeppni þegar hún er veitt á fjarskiptamörkuðum ber að veita öðrum rekstraraðilum skilvirkan, tæknilega óháðan heildsöluaðgang sem miðast með sanngjörnum hætti við aðgangsparfir þeirra.
- 107) Samkvæmt Nova var með breytingum vikið frá skilmálum samningsins frá því sem var í útboðsgögnunum og Símanum einungis gert að veita takmarkaðan heildsöluaðgang að ADSL kerfi og sá aðgangur sem mælt var fyrir um að UMTS/3G netkerfinu hafi einungis takmarkast við endursölu. Samkvæmt Nova hafa hvorki stjórnvöld á Íslandi né Síminn skýrt að neinu leyti hvers vegna það sé tæknileg nauðsyn að Síminn hafi fullan aðgang og stjórn á UMTS netinu í því skyni að tryggja þau gæði og þjónustustig sem kveðið er á um og bjóði því aðeins endursöluaðgang.
- 108) Það er skoðun Nova að skortur á skýrri skuldbindingu um að veita skilvirkan heildsöluaðgang veiti Símanum samkeppnisforskot hvað varðar þann hluta 3G netsins sem byggður var samkvæmt samningnum. Hann veitir Símanum einnig samkeppnisforskot á smásölumarkaðinum í heild sinni vegna almennrar aukinnar útbreiðslu á farsímakerfi Símans. Þetta gerir Símanum kleift að stækka viðskiptamannagrunn endanlegra notenda og auka markaðshlutdeild án virkrar samkeppni við þriðju aðila sem einnig eru rekstraraðilar. Jafnvel þótt Nova fengi endursöluaðgang að UMTS/3G netinu gæti Nova enn fremur ekki aðgreint þjónustu sína á smásölustigi hvað varðar verð og eiginleika þjónustunnar frá því sem Síminn býður.
- 109) Samkvæmt Nova óskaði fyrirtækið margsinnis eftir heildsöluaðgangi að 3G neti Símans án árangurs. Samkvæmt Nova var Síminn því aldrei fús að veita Nova sanngjarnan aðgang að netkerfinu.
- 110) Nova bendir enn fremur á að ekkert í samskiptum fyrirtækisins við Símann gefi til kynna að erfitt eða ómögulegt sé að veita heildsöluaðgang að netkerfinu af tæknilegum ástæðum. Nova telur að þetta bendi til þess að ekki megi færa rök fyrir ofangreindu, að tæknilega sé nauðsynlegt fyrir Símann að hafa fullan aðgang og stjórn á UMTS netkerfinu til að tryggja þau gæði og þjónustustig sem kveðið er á um.
- 111) Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið, heldur Nova því fram að Símanum hafi verið látinn í té ósanngjarn ávinningur sem raskar samkeppni og brýtur í bága við 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.

8 Svör stjórnvalda á Íslandi við athugasemdum frá kvartanda og hagsmunaaðilum

8.1 *Svar við athugasemdum frá kvartanda (Vodafone)*

- 112) Stjórnvöld á Íslandi lögðu fram athugasemdir sínar við athugasemdir kvartanda og hagsmunaaðila með bréfi dagsettu 28. febrúar 2014. ⁽⁶⁶⁾ Stjórnvöld á Íslandi telja það mjög ólíklegt að aukning á umfangi hefði leitt til lægra tilboðs frá Vodafone eða öðrum samkeppnisfyrirtækjum hvað það snertir. Eins og sjá má í 18. mgr. hér að ofan lagði Vodafone fram tvö tilboð fyrir tengingu við byggingarnar 1.118 sem um var að ræða í upphaflegu útboðsgögnunum. Fyrsta tilboð Vodafone nam um 2,2 milljörðum kr. og seinna tilboðið nam um 1,8 milljörðum kr. Upphaflegt tilboð Símans nam hins vegar 379 milljónum kr. sem varð til þess að leiðrétt verð fyrir endanlegt umfang var um 606 milljónir kr. fyrir 1.788 staði, þ.e. ásamt viðbótarbyggingunum 670. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er rökrétt að ætla að leiðrétt tilboð Vodafone hefði verið talsvert hærra en upphaflega tilboðið vegna aukins umfangs og kostnaðar við búnað.

⁽⁶⁵⁾ Skjal nr. 694292.

⁽⁶⁶⁾ Skjal nr. 701089.

- 113) Að sögn stjórnvalda á Íslandi er sú fullyrðing kvartanda tilhæfulaus að viðbótarstaðirnir leiði ekki endilega til kostnaðaraukningar. Síminn hefur staðfest við stjórnvöld á Íslandi að viðbótarstaðirnir hafi aukið kostnaðinn við verkefnið. Kostnaðaraukningin stafaði af þeirri staðreynd að staðirnir sem bættust við voru landfræðilega frábrugðnir upphaflegu stöðunum og dreifðir yfir stórt svæði á Íslandi.
- 114) Stjórnvöld á Íslandi ítreka að ráðgerður tilgangur umrædds verkefnis hafi ekki verið að veita gagnaflutnings- eða talþjónustu með farsamskiptatækjum, svo sem „3G reikiþjónustu“, sem átti hvorki fyrir né síðar að verða hluti af verkefninu. Af því sem hér hefur verið rakið leiðir, að í útboðsgögnunum var ekki gerð krafa um að reikiaðgangur af nokkru tagi yrði hluti af þeirri lausn sem lögð yrði til. Samningurinn við Símann breytti því ekki á nokkurn hátt. Tæknivandamálín sem fylgja því að bjóða reikiaðgang eiga því ekki við hvað þetta tiltekna verkefni varðar þar eð reikiaðgangur fyrir farsamskiptatæki var aldrei hluti af verkefninu. Stjórnvöld á Íslandi leggja áherslu á að „skýr viðmið um heildsöluaðgang í útboðinu“ hafi ekki verið tekin út og komi fram í samningnum við Símann. Hins vegar eru notaðar mismunandi aðferðir fyrir heildsöluaðgang í framkvæmd eftir því hvaða tækni er notuð í verkefninu, þ.e. ADSL eða UMTS/3G. Það er því skoðun stjórnvalda á Íslandi að málið um heildsöluaðgang í heild sinni virðist vera byggt á þeim grundvallarmisskilningi að reikiaðgangur hefði átt að vera hluti verkefnisins.
- 115) Stjórnvöld á Íslandi vekja athygli á því að meðalverðsaðferð byggir á kafla 2.3.4. í útboðsgögnum undir yfirskriftinni „Nýjar tengingar og tengiskylda“. Í kaflanum eru sérstök fyriræmi um að nota meðalverðsaðferð við mat á kostnaði fyrir nýja staði sem er bætt við verkefnið. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er þessi nálgun einnig í samræmi við viðurkenndar venjur í íslenskum samningarétti.
- 116) Að sögn stjórnvalda á Íslandi tók fjarskiptasjóður að lokum við fullgildri bankaábyrgð frá Nýja Kaupþingi (nú Arion banka hf.) dagsettri 17. febrúar 2009, sem fylgir sem viðauki við loka-samninginn.

8.2 Svör við athugasemdum frá Hringiðunni ehf.

- 117) Stjórnvöld á Íslandi hafna rökstuðningi Hringiðunnar, bæði um að ríkisaðstoð sé til staðar og rök þess efnis að meint ríkisaðstoð hafi ekki verið samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins. Stjórnvöld á Íslandi hafa einnig tilgreint nokkrar staðreyndavillur í greinargerð Hringiðunnar og telja nauðsynlegt að taka á þeim.
- 118) Hvað varðar bankaábyrgð er það skoðun stjórnvalda á Íslandi að yfirlýsingin sem Glitnir veitti stjórnvöldum á Íslandi fyrir hönd Hringiðunnar hafi ekki verið fullnægjandi þar sem einungis kom fram í henni að Glitnir væri „reiðubúinn til að íhuga veitingu ábyrgðar“ en Síminn, hlutskarpasti bjóðandinn, gat fengið gilda ábyrgð hjá Nýja Kaupþingi á sama tíma. Í ábyrgðinni sem Síminn lagði fram sagði að Nýja Kaupþing væri reiðubúin til að „veita bankaábyrgð á verkefninu“. Stjórnvöld á Íslandi benda einnig á að skjalið frá Hringiðunni hafi verið lagt fram löngu eftir að framlengdur frestur hafði runnið út.
- 119) Stjórnvöld á Íslandi leggja áherslu á að tilboð sem Hringiðan gerði fyrir hið upprunalega umfang sem var 1.119 byggingar hafi verið umtalsvert herra en það tilboð sem valið var, eða 1.297.257.098 kr., en tilboð Símans hafi hins vegar verið 379.000.000 kr. Stjórnvöld á Íslandi benda enn fremur á að endanlega fjárhæðin, sem Síminn og íslensk stjórnvöld sömdu um eftir að umfang verkefnisins hafði aukist, hafi samt sem áður verið lægri en tilboð Hringiðunnar.

8.3 Svör við athugasemdum frá Nova ehf.

- 120) Að sögn stjórnvalda á Íslandi kemur sá lágmarksafsláttur í prósentum sem Símanum ber að bjóða öðrum þjónustuveitendum skýrt fram í samningnum. Símanum er engu að síður frjálst að semja um hærri afslátt. Stjórnvöld á Íslandi ítreka að reikiaðgangur að UMTS/3G hluta netsins sé ekki hluti af verkefninu og til samræmis við það sé reikiaðgangur ekki falinn í heildsöluaðgangi að verkefninu. Niðurstaða fyrri samningaviðræðna milli Símans og Nova um reikiaðgang falli því utan gildissviðs verkefnisins.

- 121) Stjórnvöld á Íslandi eru afar ósammála yfirlýsingu Nova þess efnis að svör fjarskiptasjóðs, dagsett 23. júlí 2009, hafi verið ófullnægjandi og einfaldlega virt að vettugi það sem raunverulega lægi til grundvallar. Að sögn stjórnvalda á Íslandi eru svör fjarskiptasjóðs mjög skýr varðandi atriðið um 3G reiknaðgang fyrir farsamskiptatæki sem virðist vera grundvallarástæða kvörtunarinnar og seinni svör markaðsaðila. Í svarinu kemur eftirfarandi fram: „Þessi samningur fjallar ekki um 3G tal- eða breiðbandsþjónustu í farsamskiptatæki fyrir auðkenndar byggingar eða á nærliggjandi svæðum. Umsamin þjónusta er í raun veitt úr gátt beinis innan veggja heimila eða vinnustaða. Önnur þjónusta, sem er veitt eða kann að vera veitt með 3G sendum seljenda, fellur utan gildissviðs samningsins.“

II. MAT

1 Er um ríkisaðstoð að ræða?

- 122) 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins hljóðar svo:

„Ef ekki er kveðið á um annað í samningi þessum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki EB eða EFTA-ríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg framkvæmd samnings þessa að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli samningsaðila.“

- 123) Í þessu felst að ráðstöfun telst vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt samtímis: ráðstöfunin: i) er veitt af hálfu ríkisins eða af ríkisfjármunum, ii) veitir viðtakanda sértækan, efnahagslegan ávinning, iii) er til þess fallin að hafa áhrif á viðskipti milli samningsaðila og að raska samkeppni.

- 124) Í köflunum hér á eftir verður framangreint verkefni metið með hliðsjón af þessum skilyrðum.

1.1. Koma ríkisfjármunir við sögu?

- 125) Samkvæmt 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, verður ráðstöfunin að vera aðstoð sem ríkið veitir eða veitt er af ríkisfjármunum til að teljast ríkisaðstoð.

- 126) Að því er varðar 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins tekur ríkið til allra stjórnsýslustofna ríkisins, frá ríkisstjórn til sveitarstjórnarstigsins eða til lægsta stjórnsýslustigsins, svo og til allra opinberra fyrirtækja og aðila. ⁽⁶⁷⁾

- 127) Fjarskiptasjóður er, eins og lýst er hér að framan, stofnaður samkvæmt lögum og er í eigu íslenska ríkisins, sem leggur sjóðnum til fé á fjárlögum. Því er fyrsti efnispáttur 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins uppfylltur.

1.2. Fyrirtæki

- 128) Til þess að ráðstöfunin teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 1. gr. EES-samningsins verður hún að veita fyrirtæki efnahagslegan ávinning. Fyrirtæki eru einingar sem stunda efnahagslega starfsemi, óháð því hver lögformleg staða þeirra er og hvernig þau eru fjármögnuð. ⁽⁶⁸⁾ Efnahagsleg starfsemi felst í því að bjóða vörur og þjónustu á markaði. ⁽⁶⁹⁾

- 129) Síminn er stærsta fjarskiptafyrirtæki á Íslandi sem býður m.a. farsíma-, fastlínu-, Net- og sjónvarpsþjónustu á íslenskum markaði. Þannig liggur skýrt fyrir að hvers kyns aðstoð sem felst í samningnum milli Símans og fjarskiptasjóðs hafi verið veitt fyrirtæki.

⁽⁶⁷⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 55/05/COL frá 11.3.2005 um að hætta formlegu rannsókninni sem kveðið er á um í 2. mgr. 1. gr. I. hluta bókunar 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól varðandi sölu á 1.744 leigubúðum í Ósló (Noregi), undirkafla II.3., bls. 19 um nánari tilvísanir (Stjtíð. ESB L 324, 23.11.2006, bls. 11 og EES-viðbæti nr. 56, 23.11.2006, bls. 1).

⁽⁶⁸⁾ Dómur í *Höfner og Elser* gegn *Macrotan*, C-41/90, EU:C:1991:161, 21.–23. mgr. og mál E-5/07 *Private Barnehagers Landsforbund* gegn *Eftirlitsstofnun* [2008] skýrsla EFTA dómstólsins bls. 61, 78. mgr.

⁽⁶⁹⁾ Dómur í *Ministero dell'Economica e delle Finanze* gegn *Cassa di Risparmio di Firenze SpA*, C-222/04, EU:C:2006:8, 108. mgr.

1.3. Ívilnun ákveðinna fyrirtækja eða framleiðslu ákveðinna vara

- 130) Í fyrsta lagi þarf aðstoðarráðstöfun að veita fyrirtæki sem fær aðstoð efnahagslegan ávinning sem það hefði ekki notið við venjuleg markaðsskilyrði. ⁽⁷⁰⁾ Ríkisaðstoðarráðstöfun getur verið af ýmsu tagi og hana verður að meta með tilliti til áhrifanna sem verða af henni. ⁽⁷¹⁾ Algengast er að slíkur ávinningur sé í formi styrkveitingar, þ.e. greiðslur í fé eða fríðu til stuðnings fyrirtæki og sem eru ekki greiðslur kaupanda eða neytanda fyrir framleiðsluvörur eða þjónustu fyrirtækisins. ⁽⁷²⁾
- 131) Í þessu máli hefur sá þjónustuveitandi sem valinn var til að koma upp netkerfinu notið efnahagslegs ávinnings, sem fyrirtækið hefði alla jafna þurft að standa straum af í fjárhagsáætlun sinni, af fjármögnun opinberra yfirvalda á verkefningu og það hefur gert þeim rekstraraðila sem valinn var kleift að bjóða breiðbandsnet við skilyrði sem honum byðust ekki ella á markaðnum. Að auki er ekki unnt að útiloka að fjárstuðningurinn hafi gert Símanum sem völdum bjóðanda kleift að sinna viðskiptastarfsemi sinni við skilyrði sem hefðu ekki verið til staðar án ráðstöfunarinnar. ⁽⁷³⁾
- 132) Þótt samkeppnisútbóð verði að jafnaði til þess að lægri fjárhagslegan stuðning þurfi, og sporni gegn óhóflegum hagnaði, mun aðstoðin, að órannsökuðu máli, gera rekstraraðila kleift að bjóða þjónustu enda á milli á lægra verði en ef rekstraraðilinn hefði sjálfur þurft að standa straum af öllum kostnaði og hann getur því laðað til sín fleiri viðskiptavini en við venjuleg markaðsskilyrði. Rekstraraðilinn sem valinn er mun einnig eignast netkerfið, auk annarra efnislegra og óefnislegra eigna með ríkisfjármunum (t.d. tækjabúnað og viðskiptatengsl), jafnvel eftir að líftími verkefninganna er liðinn. Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að rekstraraðilinn sem varð fyrir valinu naut efnahagslegs ávinnings. ⁽⁷⁴⁾
- 133) Eftirlitsstofnun EFTA bendir enn fremur á að markmið ráðstöfunarinnar sé að bæta fyrirleggjandi breiðbandsþjónustu til heimila og fyrirtækja á umræddum svæðum. Þótt heimili falli ekki undir ríkisaðstoðarreglur munu fyrirtæki á verkefnissvæðinu njóta ávinnings, þegar upp er staðið, af betri breiðbandsþjónustu og útbreiðslu en staði til boða á hreinum viðskiptaforsendum.
- 134) Í öðru lagi verður aðstoðarráðstöfunin að vera sértæk í þeim skilningi að hún verður að ívilna „ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara“. Opinber fjármögnun á breiðbandsneti í dreifbýli á Íslandi var veitt Símanum sem völdum bjóðanda. Þar eð Síminn er eini viðtakandi ríkisfjármuna, er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að ráðstöfunin sé sértæk.

1.4. Rökun á samkeppni og áhrif á viðskipti milli samningsaðila

- 135) Ráðstöfunin verður að vera til þess fallin að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum til þess að hún teljist vera ríkisaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 136) Samkvæmt viðtekinni dómafrankvæmd er ekki nauðsynlegt að sýna fram á að aðstoð hafi raunveruleg áhrif á viðskipti milli aðila að EES-samningnum og að samkeppni sé í raun raskað, heldur aðeins að rannsaka hvort aðstoð sé líkleg til að hafa áhrif á viðskipti og raska samkeppni. ⁽⁷⁵⁾ Enn fremur er ekki nauðsynlegt að aðstoðarþegi sé sjálfur aðili að viðskiptum milli EES-ríkja. Opinber styrkur veittur fyrirtæki, sem býður eingöngu staðbundna eða svæðisbundna þjónustu en býður enga þjónustu utan upprunaríkis, getur meira að segja engu að síður haft áhrif á viðskipti ef aðstoðin gæti orðið til þess að auka eða viðhalda slíkum innri viðskiptum með þeim afleiðingum að draga úr möguleikum fyrirtækja sem eru stofnuð í öðrum aðildarríkjum. ⁽⁷⁶⁾

⁽⁷⁰⁾ Dómur í *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni*, C-301/87, EU:C:1990:67, 41. mgr., dómur í *De Gezamenlijke Steenkolenmijnen tegen Hinu háa yfirvaldi Kola- og stálbandalags Evrópu*, mál 30/59, EU:C:1961:2, 19. mgr.; dómur í *Frakkland gegn framkvæmdastjórninni (Kimberly Clark)*, C-241/94, EU:C:1996:353, 34. mgr. og dómur í *Fleuren Compost*, T-109/01, EU:T:2004:4, 53. mgr.

⁽⁷¹⁾ Dómur í *framkvæmdastjórninni gegn EDF og öðrum*, C-124/10 P, EU:C:2012:318, 77. mgr. og dómafrankvæmd sem vísað er til. Sjá einnig dóm í *Bouygues gegn framkvæmdastjórninni*, mál C-399/10 og C-401/10 P, EU:C:2013:175, 102. mgr.

⁽⁷²⁾ Dómur í *De Gezamenlijke Steenkolenmijnen tegen Hinu háa yfirvaldi Kola- og stálbandalags Evrópu*, mál 30/59, 9. mgr. og áfram.

⁽⁷³⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 231/11/COL um hraða uppbyggingu aðgangsneta af næstu kynslóð á strjálbýlum svæðum sveitarfélagsins Tromsø (Stjtið. ESB C 10, 2.1.2012, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 2, 12.1.2012, bls. 3), undirkaflil II.1.2 og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar SA.33063, Ítalía - aðgangsneta af næstu kynslóð í Trentino (Stjtið. ESB C 323, 24.10.2012, bls. 6), 77. mgr.

⁽⁷⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 14/2008 – Bretland, *Breiðband í Skotlandi – Aukin útbreiðsla breiðbands* (Stjtið. ESB C 150, 17.6.2008, bls. 3), 37. mgr.

⁽⁷⁵⁾ Mál E-6/98 *Stjórnvöld í Noregi gegn Eftirlitsstofnun EFTA* [1999] skýrsla EFTA-dómstólsins bls. 76.

⁽⁷⁶⁾ Dómur í *Libert og aðrir*, sameinuð mál C-197/11 og C-203/11 EU:C:2013:288, 76.–78. mgr.

- 137) Aðkoma hins opinbera að uppbyggingu grunnvirkja til að veita rafræna fjarskiptaþjónustu breytir ríkjandi markaðsaðstæðum með því að styrkja stöðu þess þjónustuveitandans sem var valinn til að koma netkerfinu upp gagnvart keppinautum.
- 138) Aðstoðarþegi ráðstöfunarinnar mun stunda uppbyggingu á grunnvirki fyrir breiðbandsnet á markaði sem aðilar frá öðrum EES-ríkjum geta annað hvort fengið beinan aðgang að eða með fjárhagslegri aðkomu. Að jafnaði er markaðurinn fyrir rafræna fjarskiptaþjónustu (þ.m.t. heildsölu- og smásölumarkaður fyrir breiðband) opinn fyrir viðskipti og samkeppni milli fyrirtækja og þjónustuveitenda á öllu EES-svæðinu.
- 139) Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin sé líkleg til að raska samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli EES-ríkjanna.

1.5. Fjármögnun opinberrar þjónustu og Altmark-prófið

- 140) Stjórnvöld á Íslandi og Síminn eru þeirrar skoðunar að skilgreina megi framlagið sem fjármögnun opinberrar þjónustu, að skilyrðunum fjórum í „Altmark-prófinu“ sé fullnægt samtímis og að ráðstöfunin teljist þar af leiðandi ekki ríkisaðstoð.
- 141) Dómur dómstóls Evrópusambandsins í *Altmark*-málinu skýrði nánar skilyrði þess að endurgjald fyrir almannaþjónustu teljist ekki vera ríkisaðstoð sé ekki um ávinning af nokkru tagi að ræða. ⁽⁷⁷⁾ En svo slíkt endurgjald falli ekki undir skilgreininguna á ríkisaðstoð í tilteknu máli, þarf að uppfylla fjögur megin skilyrði, sem almennt er vísað til sem *Altmark*-skilyrðanna. ⁽⁷⁸⁾
- 142) Fjögur skilyrði *Altmark*-prófsins eru til samans: i) fela verður viðtakanda aðstoðar úr opinberu fjármögnunarkerfi vegna þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, formlega að veita og inna af hendi þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, og verður að skilgreina skuldbindingar þeirrar þjónustu með skýrum hætti ii) ákvarða verður breyturnar fyrir útreikning á endurgjaldinu fyrirfram á hlutlægan og gagnsæjan hátt til að koma í veg fyrir að endurgjaldið veiti viðtökufyrirtækinu efnahagslegan ávinning umfram keppinautana, iii) endurgjaldið má ekki vera hærra en það sem nauðsynlegt er til að standa undir öllum kostnaði, eða hluta hans, sem fellur til við að veita þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og hæfilegs hagnaðar við að inna þessar skuldbindingar af hendi og iv) ef aðstoðarþegi er ekki valinn samkvæmt málsmeðferð um opinber útboð, verður að ákvarða endurgjaldið á grundvelli greiningar á kostnaði sem dæmigert, vel rekið fyrirtæki yrði að standa straum af við að inna af hendi þær skuldbindingar, að teknu tilliti til viðeigandi tekna og hæfilegs hagnaðar.
- 143) EFTA-ríkin innan EES hafa að jafnaði talsvert svigrúm að því er varðar skilgreiningu þjónustu sem þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu, en fylgja jafnframt viðeigandi dómaframkvæmd, þar sem þær almennu meginreglur sem ber að virða eru settar fram. ⁽⁷⁹⁾ Vel er unnt að líta svo á að viðunandi útbreiðsla breiðbands til alls almennings á svæðum þar sem engir aðrir rekstraraðilar bjóða eða koma til með að bjóða slíka þjónustu í nánustu framtíð feli í sér þjónustu sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu. ⁽⁸⁰⁾ Því er að meginreglu til heimilt að veita endurgjald vegna almannaþjónustu til fyrirtækis sem hefur verið falið að byggja upp og reka breiðbandsnet. Samkvæmt 16. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband getur það átt við þegar unnt er að sýna fram á að einkafjárfestir muni ekki á næstu árum (þriggja ára tímabili) geta veitt öllum almenningi eða notendum viðunandi breiðbandstengingu og því verði verulegur hluti íbúa áfram ótengdur. Af þessum sökum er heimilt að nota endurgjald fyrir almannaþjónustu til opinberrar fjármögnunar á netkerfi sem er byggt upp á hvítum svæðum og opið öllum mögulegum notendum hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar. Hins vegar er nauðsynlegt að uppfylla nokkur skilyrði, einkum þau sem koma fram í 17. til 23. mgr. í leiðbeinandi reglum um breiðband.

⁽⁷⁷⁾ Dómur í *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg*, C-280/00.

⁽⁷⁸⁾ Dómur í *Altmark Trans GmbH og Regierungspräsidium Magdeburg*, C-280/00, 87.–93. mgr.

⁽⁷⁹⁾ Sjá leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart greiðslum fyrir þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu (leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu), er að finna á eftirlitandi vefslóð: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid-guidelines/Part-VI---Compensation-granted-for-the-provision-of-services-of-general-economic-interest.pdf>.

⁽⁸⁰⁾ Eins og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur áður látið í ljós varðandi aðgang að breiðbandsþjónustu, til dæmis í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 391/04, *Pyrénées-Atlantiques* (Stjtið. ESB C 162 2.7.2005, bls. 5). Sjá einnig 49. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um þjónustu í almannaþágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu og 22. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandsnetna. Eftirlitsstofnun EFTA fjallar um hvernig þessar leiðbeinandi reglur eiga við í undirkafla II.3.1 þessarar ákvörðunar.

- 144) Stjórnvöld á Íslandi hafa greint frá ástæðum þess að ríkið þurfi að fjármagna uppbyggingu breiðbandsnets á dreifbýlissvæðum þar sem einkaaðilar fjárfesta ekki, í þágu almennra efnahagslegra hagsmuna. Að höfðu samráði við hagsmunaaðila með kortlagningu og greiningu á útbreiðslu var komist að þeirri niðurstöðu að umræddar byggingar myndu ekki verða aðnjótandi þjónustu háhraðanetgrunnvirkis á markaðskjörum næstu þrjú árin. Stjórnvöld á Íslandi hafa lagt áherslu á hvers vegna þau telji það mikilvægt að forðast að „*stafræn gjá*“ verði milli þéttbýlis og dreifbýlis.
- 145) Rekstrarförsendur breiðbandsþjónustu eru slíkar að markaðurinn telur ekki alltaf arðbært alls staðar að fjárfesta í slíkri þjónustu. Vegna samþjöppunarhagkvæmni er almennt meiri arðsemi fólgin í því að byggja upp breiðbandsnet þar sem væntanleg eftirspurn er mikil og bundin við afmarkað svæði, þ.e. á þéttbýlum svæðum. Fjárfestingu á þessu sviði fylgir mikill fastur kostnaður og því hækkar einingakostnaður ákaflega á meðan þéttleiki byggðar minnkar. Því er einungis arðbært að bjóða hluta íbúa breiðbandsnet. Fjarlægð, svo sem lengri vegalengd að því fjarskiptavirki sem fyrir er, getur einnig aukið verulega þann fjárfestingarkostnað sem þörf er á við uppbyggingu fullnægjandi breiðbandsneti. ⁽⁸¹⁾
- 146) Þau svæði þar sem þjónusta er ekki fullnægjandi eru almennt strjálbýl dreifbýlissvæði þar sem einkareknir þjónustuveitendur hafa enga efnahagshvata til að fjárfesta í rafrænum fjarskiptanetum til að bjóða fullnægjandi breiðbandsþjónustu. Þetta getur leitt til þess að „*stafræn gjá*“ myndist milli svæða með aðgang að fullnægjandi breiðbandsþjónustu og þeirra svæða sem hafa hana ekki. Af því leiðir að það fellur undir það sem telst hafa almenna, efnahagslega þýðingu að EES-ríkin geti varið almannafé í að tengja svæði sem fengju að öðrum kosti ekki aðgang að háhraðaneti, annaðhvort nú eða í nánustu framtíð. ⁽⁸²⁾
- 147) Stjórnvöld á Íslandi hafa sýnt fram á þörfina á inngripi þeirra. Eins og lýst er í kafla 2.1.2 í I. hluta hér að framan hafa stjórnvöld staðfest að verulegur skortur hafi verið á útbreiðslu háhraðabreiðbands á svæðunum sem um er að ræða. Kortlagning og greining á útbreiðslu sýndi enn fremur fram á að ekki lágu fyrir neinar fjárfestingaráætlanir um að tengja byggingarnar í náninni framtíð þar eð einkafyrirtæki sáu sér ekki viðskiptalegan hag í því, það er að segja af því að byggingarnar voru allar á strjálbýlum svæðum.
- 148) Símanum virðist enn fremur hafa verið gefið skýrt umboð með samningnum sem unnt er að líta á sem umboðið sem krafa er gerð um samkvæmt leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu ríkisaðstoðarreglna gagnvart greiðslum fyrir þjónustu, sem hefur almenna, efnahagslega þýðingu (leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um þjónustu í almannabágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu). ⁽⁸³⁾ Samkvæmt umboði Símans skyldi öllum notendum á tilteknu svæði veitt alhliða nettenging í gegnum breiðbandsgrunnvirkið sem byggja átti. Netkerfið og þjónustan skyldi ná til allra heimila þar sem minnst einn einstaklingur var með lögheimili og búsetu allt árið og til fyrirtækja með atvinnustarfsemi allt árið.
- 149) Í samræmi við 19.–20. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband skyldi hið opinberlega fjármagnaða kerfi byggt þannig upp að hægt væri að veita öðrum netþjónustuveitum aðgang á heildsölustigi. Þessar netþjónustuveitur ættu að geta keypt grunnþjónustu af Símanum á heildsöluverði og þeim ætti að vera heimilt að veita þjónustu yfir netkerfið til almennra viðskiptavina sinna. Veita skyldi aðgang á einfaldan hátt og veita skyldi öllum netþjónustuveitum jafna þjónustu og jafnan aðgang að kerfinu óháð tengslum þeirra við seljanda. Síminn getur því ekki synjað um aðgang að grunnvirkinu að eigin geðþótta og/eða mismunað notendum. Umboðið og aðstoðin tekur enn fremur einungis til uppbyggingar á netkerfi og til tengds heildsöluaðgangs að þjónustu á því netkerfi en ekki til smásölu á fjarskiptaþjónustu.
- 150) Hins vegar koma upp álitamál í tengslum við hin *Altmark*-skilyrðin vegna þess að endurgjald fyrir byggingarnar 670, sem var bætt við verkefnið eftir að WBS hvarf af markaði, var ákvarðað eftir að Síminn hafði unnið útboðið. Breyturnar fyrir útreikning á endurgjaldi vegna aukaeininganna voru ekki ákvarðaðar fyrir fram á hlutlægan og gagnsæjan hátt heldur voru þær ákvarðaðar eftir að útboðinu lauk, eins og stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest, að teknu tilliti til meðalverðs á einingu í upphaflegu tilboði Símans.

⁽⁸¹⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 444/13/COL frá 13.11.2013 um uppbyggingu aðgangsneta af næstu kynslóð í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppur (Stjtið. ESB C 66, 6.3.2014, bls. 6 og EES-viðbætur nr. 14, 6.3.2014, bls. 1), 72. mgr.

⁽⁸²⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 444/13/COL frá 13.11.2013 um uppbyggingu aðgangsneta af næstu kynslóð í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppur (Stjtið. ESB C 66, 6.3.2014, bls. 6 og EES-viðbætur nr. 14, 6.3.2014, bls. 1), 73. mgr.

⁽⁸³⁾ Sjá 52. mgr. leiðbeinandi reglna Eftirlitsstofnunar EFTA um þjónustu í almannabágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu.

- 151) Jafnvel þótt það hafi verið í samræmi við opinbert útboð að Síminn hafi verið valinn sem þjónustuveitandi var endurgjaldið því aðeins byggt á opinberu innkaupaferli fyrir fyrstu 1.118 byggingarnar. Endurgjald vegna viðbótarbygginganna 670 var ákvarðað eftir að Síminn hafði unnið útboðið. Eftirlitsstofnun EFTA bárust auk þess engar upplýsingar sem bentu til þess að stjórnvöld á Íslandi hefðu við setningu viðmiða, miðað við dæmigert, vel rekið fyrirtæki sem er nægilega vel búð atvinnutækjum, að því er varðar kostnað sem líklega yrði stofnað til við uppyggingu og rekstur breiðbandsnets fyrir viðbótarbyggingarnar.
- 152) Með hliðsjón af því sem að framan greinir kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að umrædd ráðstöfun fullnægi ekki öllum *Altmark*-skilyrðunum.

1.6. Niðurstaða um það hvort um ríkisaðstoð sé að ræða

- 153) Með vísan til þess sem að framan greinir kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að ráðstöfunin sem er til athugunar feli sér ríkisaðstoðarþætti í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Samkvæmt skilyrðunum, sem vísað er til hér að framan, er því nauðsynlegt að huga að hvort ráðstöfunin geti talist samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

2 Málsmæðferð

- 154) Samkvæmt 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3: „*Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um áætlanir um að veita eða breyta aðstoð þannig að henni gefist nægur tími til athugasemda. Hlutaðeigandi ríki skal ekki gera fyrirhugaðar ráðstafanir fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir.*“
- 155) Stjórnvöld á Íslandi tilkynntu aðstoðarráðstöfunina ekki til Eftirlitsstofnunar EFTA. Að auki hafa stjórnvöld á Íslandi, með því að bjóða út og fjármagna breiðbandsvæðingu í dreifbýli, hrint þessum ráðstöfunum í framkvæmd áður en Eftirlitsstofnun EFTA samþykkti lokaákvörðun. Eftirlitsstofnunin kemst því að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld á Íslandi hafi ekki virt skuldbindingar sínar í samræmi við 3. mgr. 1. gr. I. hluta bókar 3. Öll veitt aðstoð sem um ræðir hlýtur því að teljast ólögmat.

3 Samrýmanleiki aðstoðarinnar

3.1 Inngangur

- 156) Stuðningsráðstafanir, sem falla undir 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins, eru í almennum atriðum ósamrýmanlegar framkvæmd EES-samningsins, nema þær fullnægi skilyrðum fyrir undanþágu samkvæmt 2. eða 3. mgr. 61. gr. eða 2. mgr. 59. gr. EES-samningsins og séu nauðsynlegar, hæfilegar og valdi ekki ótilhlýðilegri röskun á samkeppni. Stjórnvöld á Íslandi halda því fram að öll aðstoð vegna samnings milli fjarskiptasjóðs og Símans sé samrýmanleg 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins.
- 157) Á grundvelli c-liðar 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins má líta svo á að „*aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða*“ samrýmist framkvæmd EES-samningsins, enda hafi slík aðstoð ekki svo mikil neikvæð áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni á EES-svæðinu að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum.
- 158) Í þeim leiðbeinandi reglum Eftirlitsstofnunar EFTA sem gilda nú um breiðband er að finna ítarlega túlkun á c-lið 3. mgr. 61. gr. EES-samningsins að því er varðar þennan geira. ⁽⁸⁴⁾ Eldri leiðbeinandi reglur um beitingu ríkisaðstoðarreglna í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandsneta („leiðbeinandi reglur um breiðband frá 2010“) voru upphaflega samþykktar 3. febrúar 2010 og giltu því ekki þegar Síminn og fjarskiptasjóður gerðu samninginn. Leiðbeinandi reglur um breiðband eru hins vegar byggðar á fyrirliggjandi dómaframkvæmd og starfsvenjum um ákvarðanatöku framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. ⁽⁸⁵⁾ Eftirlitsstofnun EFTA mun því ekki beita leiðbeinandi reglum um breiðband beint heldur meta samninginn með hliðsjón af þeim grundvallarreglum um ríkisaðstoð við breiðbandsgrunnvirki sem eru tilgreindar í framangreindum leiðbeinandi reglum og þeirri dómaframkvæmd og ákvörðunarvenjum sem voru til staðar þegar samningurinn var undirritaður og sem hefur verið haldið áfram í nýrri málum.

⁽⁸⁴⁾ Leiðbeinandi reglur Eftirlitsstofnunar EFTA um beitingu reglna um ríkisaðstoð í tengslum við ráðstafanir til að hraða útbreiðslu breiðbandsneta („leiðbeinandi reglur um breiðband“) er að finna á eftirfarandi vefslóð: <http://www.eftasurv.int/media/state-aid-guidelines/Part-IV---Application-of-state-aid-rules-in-relation-to-rapid-deployment-of-broadband-networks.pdf>.

⁽⁸⁵⁾ Skrá yfir allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglum um ríkisaðstoð á sviði breiðbands er að finna hér: http://ec.europa.eu/competition/sectors/telecommunications/broadband_decisions.pdf.

3.2 Aðgreining í hvít, grá og svört svæði vegna hefðbundinna breiðbandsneti

- 159) Samkvæmt leiðbeinandi reglum um breiðband þarf að skilgreina svæðið þar sem breiðbandsnetið verður byggt upp sem hvítt, grátt eða svart svæði til að meta samrýmanleika opinberrar fjármögnunar á breiðbandsverkefnum. ⁽⁸⁶⁾
- 160) „Hvítt svæði“ merkir svæði þar sem ekkert grunnvirki fyrir breiðband er fyrir hendi og litlar líkur eru á að slíkt grunnvirki verði byggt upp á næstu árum. Eftirlitsstofnun EFTA fellst á að með fjárstuðningi við rekstur breiðbandsþjónustu á svæðum þar sem ekkert breiðband er fyrir hendi sem stendur vinna EFTA-ríkin að fullgildum samstöðu- og efnahagsþróunarmarkmiðum og því má telja að slík afskipti þjóni sameiginlegum hagsmunum, að því tilskildu að skilyrðunum sé fullnægt sem sett eru fram í undirkafla 3.3 hér að neðan.
- 161) „Grátt svæði“ merkir svæði þar sem einn aðili annast rekstur netkerfis og litlar líkur eru á að annað netkerfi verði byggt upp á næstu árum. Þótt aðeins einn kerfisrekandi sé þegar starfandi þýðir það ekki nauðsynlega að ekki sé um markaðsbrest eða samstöðuvandkvæði að ræða. Ef þessi rekstraraðili hefur markaðsstyrk (einkarétt) getur verið að hann bjóði almenningi þjónustu sem bitnar bæði á gæðum hennar og verði. Vera kann að tilteknir hópar notenda fái ekki viðunandi þjónustu eða, ef heildsöluaðgangur að netkerfinu lýtur ekki opinberri verðstýringu, að smásöluverð séu hærrí en verð fyrir sömu þjónustu annars staðar á sambærilegum svæðum eða héruðum í landinu þar sem meiri samkeppni ríkir. Séu auk þess litlar horfur á að annar rekstraraðili komi inn á markaðinn getur fjármögnun á öðru grunnvirki talist vera viðeigandi ráðstöfun.
- 162) „Svart svæði“ merkir svæði þar sem að minnsta kosti tvö hefðbundin breiðbandsnet eru starfrækt á tilteknu landsvæði, eða munu verða starfrækt á næstu árum, af mismunandi rekstraraðilum og breiðbandsþjónusta er veitt á samkeppnisforsendum (samkeppni ríkir milli grunnvirkja) má telja að enginn markaðsbrestur sé fyrir hendi. Því er afar lítið svigrúm til að ná fram frekari ávinningi með afskiptum af hálfu hins opinbera. ⁽⁸⁷⁾
- 163) Að sögn stjórnvalda á Íslandi var ekkert breiðbandsnet til staðar á verkefnissvæðinu áður en uppbygging netkerfisins hófst. Fjarskiptasjóður stóð fyrir ítarlegri kortlagningu þar sem óskað var eftir upplýsingum um öll svæði sem njóta breiðbandsþjónustu (þ.e. svæði með möguleika á að minnsta kosti 512 kb/s sítengingu við Netið (án upphringingar) gegn sanngjörnum föstum mánaðargreiðslum), auk svæða (án þjónustu eins og er) sem áformað var að hefja þjónustu við fyrir júní 2008. Fjarskiptasjóði bárust upplýsingar um markaðssvæði á ýmsu formi frá nokkrum þjónustuveitendum breiðbands auk einstaklinga. Markmið kortlagningarinnar var að auðkenna markaðsbresti með því að greina milli „grárra“, „svartra“ og „hvíttra“ svæða í dreifbýli á Íslandi. Niðurstaða kortlagningar fjarskiptasjóðs og greiningar á útbreiðslu var nákvæmur listi yfir þær byggingar sem heyrðu síðar undir verkefnið.
- 164) Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið, er Eftirlitsstofnun EFTA því þeirrar skoðunar að svæðin sem heyra undir verkefnið séu „hvít svæði“ að því er varðar beitingu leiðbeinandi reglna um breiðband.

3.3 Jafnvægispróf og leiðbeinandi reglur um breiðband/ákvörðunarvenjur

- 165) Við mat á því hvort aðstoðarráðstöfun geti talist samrýmast framkvæmd EES-samningsins, vegur Eftirlitsstofnun EFTA jákvæð áhrif af aðstoðarráðstöfuninni á viðleitni til að ná markmiðum sem varða sameiginlega hagsmuni á móti mögulega neikvæðum hliðarverkunum, svo sem röskun á viðskiptum og samkeppni (svokallað „jafnvægispróf“).
- 166) Eftirlitsstofnun EFTA mun leggja mat á eftirfarandi spurningar við beitingu þessa jafnvægisprófs: ⁽⁸⁸⁾
- a) Er aðstoðarráðstöfuninni beint að vel skilgreindu markmiði sem varðar sameiginlega hagsmuni, þ.e. stuðlar aðstoðin, sem fyrirhugað er að veita, að því að uppræta markaðsbrest eða að öðru markmiði?

⁽⁸⁶⁾ Sjá 57. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband og 17. nmgr. hér að ofan.

⁽⁸⁷⁾ Sjá 68. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽⁸⁸⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C 35/2005, *Broadband development Appingedam* (Stjtið. ESB L 86, 27.3.2007, bls. 1) og N 14/2008, *Broadband in Scotland – Extending broadband reach* (Stjtið. ESB C 150, 17.6.2008, bls. 3).

- b) Er aðstoðin vel mótuð til að ná fram markmiði sem varðar sameiginlega hagsmuni? Einkum:
- i. Er ríkisaðstoð viðeigandi stjórnþæki, þ.e. eru önnur stjórnþæki heppilegri?
 - ii. Eru hvatningaráhrif fyrir hendi, þ.e. breytir aðstoðin hegðun fyrirtækja?
 - iii. Er aðstoðarráðstöfunin hæfileg að umfangi, þ.e. mætti ná fram sömu breytingum á hegðun með minni aðstoð?
- c) Eru röskun á samkeppni og áhrif á viðskipti takmörkuð á þann hátt að heildaráhrifin verði jákvæð?
- 167) Við beitingu jafnvægisprófs mun Eftirlitsstofnun EFTA, í samræmi við leiðbeinandi reglur um breiðband, ⁽⁸⁹⁾ taka markmiðið með ráðstöfuninni til athugunar, hönnun hennar og þörfina á að takmarka samkeppnisröskun.
- 3.3.1 *Markmið með ráðstöfuninni*
- 3.3.1.1 Ríkisaðstoð á hvítum svæðum
- 168) Breiðbandstengingar gegna lykilhlutverki við að þróa, taka upp og nota upplýsinga- og fjarskiptatækni í hagkerfinu og samfélaginu í heild. Verkefnið varðar einungis og beinist að „hvítum svæðum“. ⁽⁹⁰⁾
- 169) Er það álit Eftirlitsstofnunar EFTA, í samræmi við leiðbeinandi reglur um breiðband, að þessi svæði komi í grundvallaratriðum til greina fyrir ríkisaðstoð þar eð verkefnið stuðlar að efnahagslegri, félagslegri og svæðisbundinni samheldni og tekur á markaðsbresti sem sýnt hefur verið fram á. ⁽⁹¹⁾ Hins vegar þarf að fullnægja tilteknum skilyrðum svo skilgreina megi ráðstöfunina þannig að hún samrýmist EES-samningnum. Þessi skilyrði verða metin í eftirfarandi undirköflum.
- 3.3.1.2 Vel skilgreint markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna
- 170) Breiðbandstengingar gegna lykilhlutverki við að þróa, tileinka sér og nota upplýsinga- og fjarskiptatækni í hagkerfinu og samfélaginu í heild. Í stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 frá 3. mars 2010, „Stafræn áætlun fyrir Evrópu“, tók framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram að „*markmið [hennar sé] að ná varanlegum efnahagslegum og félagslegum ávinningi af stafrænum innri markaði sem er byggður á háhraðatengingum og ofurhraðatengingum og rekstrarsamhæfðum hugbúnaði, með breiðbandsaðgangi fyrir alla fyrir 2013, aðgang allra að mun meiri nethraða (30 Mb/s eða meira) fyrir 2020 og 50% eða meira af evrópskum heimilum með áskrift að 100 Mb/s eða hraðari Nettengingu.*“ ⁽⁹²⁾
- 171) Í stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 er viðurkennt mikilvægi breiðbandsverkefna við að hraða því sem breiðbandstækni getur lagt til vaxtar og nýsköpunar á öllum sviðum hagkerfisins og til félagslegrar og svæðisbundinnar samheldni. Framkvæmd við nýtt grunnbreiðband og/ eða aðgangsnæt af næstu kynslóð stuðlar að atvinnusköpun ásamt því að bæta þjónustu við heilsugæslu og menntun á verkefnissvæðinu.
- 172) Uppbygging breiðbandsnets stuðlar enn fremur að því að minnka þá „*stafrænu gjá*“ sem skilur að innlend svæði eða héruð þar sem samkeppnishæf breiðbandþjónusta á viðráðanlegu verði stendur til boða og þá staði þar sem slík þjónusta er ekki í boði. Eftirlitsstofnun EFTA telur að án opinberrar íhlutunar sé raunveruleg hættu á að til verði „*stafræn gjá*“ milli mismunandi svæða á Íslandi, einkum milli dreifbýlis og þéttbýlis. Þetta gæti leitt til efnahagslegrar og félagslegrar útilokunar íbúa og fyrirtækja á hverjum stað og gæti einnig leitt til frekari fólksfækkunar á svæðum sem þegar eru strjálbýl. Þótt nokkrar ástæður séu fyrir stafrænum gjám er skortur á viðunandi breiðbandsgrunnvirki ein sú helsta.

⁽⁸⁹⁾ Sjá 28. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽⁹⁰⁾ Sjá skilgreiningu í 17. n. mgr. og 160. mgr. hér að framan.

⁽⁹¹⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 219/14/COL frá 11.6.2014 um ríkisaðstoðarkerfi vegna breiðbandsvæðingar (Stjtið. ESB C 344, 2.10.2014, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 55, 2.10.2014, bls. 4), undirkafla 3.2.1.2.

⁽⁹²⁾ Evrópa 2020 – stefnumörkun um snjallhagvöxt, sjálfbærar hagvöxt og hagvöxt fyrir alla, COM(2010) 2020, bls. 12.

- 173) Eftirlitsstofnun EFTA minnir enn fremur á að eitt meginmarkmiða stafrænnar áætlunar fyrir Evrópu hafi verið að veita öllum Evrópubúum breiðbandsþjónustu fyrir 2013. ⁽⁹³⁾ Verkefnið er því bæði í samræmi við stefnumörkun Evrópu fyrir 2020 og stafræna áætlun fyrir Evrópu.
- 174) Að sögn stjórnvalda á Íslandi er það lykilatriði fyrir sveitarfélög að háhraðagrunnvirki fyrir breiðband sé til staðar svo þau geti laðað til sín fyrirtæki, bætt lífskjör og ýtt auk þess undir vöxt og nýsköpun í öllum greinum atvinnulífsins á staðnum. Þessi áætlun hefur gert heimilum og fyrirtækjum á verkefnissvæðinu kleift að hafa aðgang að breiðbandi á viðráðanlegu verði. Þetta er einnig markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna þar eð nauðsynlegt er að veita aðgang að breiðbandi á viðráðanlegu verði til að tryggja að sem flestir íbúar hafi hag af opinberri aðstoð. ⁽⁹⁴⁾ Kostnaðurinn við að byggja upp nauðsynlegt breiðbandsgrunnvirki verður mjög hár fyrir einkafyrirtæki á strjálbýlum svæðum án aðstoðarinnar sem leiðir til þess að smásöluverð verður mjög hátt og ekki á færi allra íbúa. Opinber fjármögnun á breiðbandsgrunnvirki hefur af þeim sökum ekki einungis tryggt framboð á breiðbandi heldur mun hún einnig tryggja að þjónustan sé veitt á viðráðanlegu verði eins og kveðið er á um í stafrænu áætluninni. Með öðrum orðum skapar verkefnið aðgang að breiðbandi á smásölumarkaði á verkefnissvæðinu (þ.e. svæðum þar sem fólksfjöldinn er minni, einkum dreifbýlissvæðum) á svipuðu verði og gildir á svæðum þar sem fólksfjöldinn er meiri (þ.e. þéttbýli).
- 175) Eftirlitsstofnun EFTA er þeirrar skoðunar að stuðningur við uppbyggingu breiðbandsnets á hvítum dreifbýlum svæðum þar sem þjónusta er ekki fullnægjandi, og breiðband stendur ekki til boða sem stendur, stuðli að samheldni milli svæða, félagslegri samheldni og efnahagslegri samheldni og taki á markaðsbrestum. ⁽⁹⁵⁾ Uppbygging breiðbandsnets stuðlar einnig að því að minnka þá „stafrænu gjá“ sem skilur að innlend byggðarlög eða héruð þar sem samkeppnishæf breiðbandþjónusta á viðráðanlegu verði stendur til boða og þá staði þar sem slík þjónusta er ekki í boði. ⁽⁹⁶⁾
- 176) Með hliðsjón af ofangreindu kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að aðstoðin vinni að fullgildum samstöðu- og efnahagsþróunarmarkmiðum sem teljast vel skilgreind markmið á sviði sameiginlegra hagsmuna.

3.3.1.3 Er ráðstöfuninni ætlað að bregðast við markaðsbresti?

- 177) Eins og þegar hefur komið fram samþykkir Eftirlitsstofnun EFTA að um markaðsbrest sé að ræða þar eð ríkisástoð kemur aðeins til greina á hvítum svæðum. Með öðrum orðum, með því að láta markaðinn afskiptalaus, og án íhlutunar, nær niðurstaða sem er skilvirk fyrir samfélagið ekki fram að ganga. ⁽⁹⁷⁾

3.3.2 Útfærsla ráðstöfunarinnar og þörfin á að takmarka samkeppnisröskun

3.3.2.1 Er aðstoð viðeigandi stjórnartæki?

- 178) Eins og fram kemur í 40. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband viðurkennir Eftirlitsstofnun EFTA að fyrirframkvæðir gætu ýtt undir þróun breiðbands í borgarumhverfi og á tiltölulega þéttbýlli svæðum en að þær nægi ekki til þess að leiðrétta þann markaðsbrest sem stafar af skorti á einkafjárfestingum í grunnvirkjum á tilteknum svæðum.

⁽⁹³⁾ EVRÓPU-orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu og svæðanefndarinnar (COM (2010) 245 Stafræn áætlun fyrir Evrópu, eins og viðurkennt er í ályktun frá 37. fundi sameiginlegru EES-þingmannanefndarinnar hinn 26. október 2011. Skjalið má finna á eftirfarandi slóð: [http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?jessionid=Y4vLTX8KtHt58G2x4R1h26h11zYRJcHnMBhTTx3cKhqvYf4R8m0!-1629905942?uri=CELEX:52010DC0245R\(01\)](http://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?jessionid=Y4vLTX8KtHt58G2x4R1h26h11zYRJcHnMBhTTx3cKhqvYf4R8m0!-1629905942?uri=CELEX:52010DC0245R(01)). Í stafrænu áætluninni var sett markmið um að færa öllum Evrópubúum hefðbundið breiðband fyrir 2013 og þar er leitast við að tryggja að þjónusta á aðgangsnæmum af næstu kynslóð verði aukin verulega (allir Evrópubúar ættu að hafa aðgang að 30 Mb/s nethraða eða hraðar og 50% eða meira af evrópskum heimilum ættu að vera með áskrift að 100 Mb/s eða hraðari Nettengingu).

⁽⁹⁴⁾ Breiðbandsþjónusta á viðráðanlegu verði er einnig eitt markmiða stafrænu áætlunarinnar, sjá <https://ec.europa.eu/digital-agenda/en/about-broadband>.

⁽⁹⁵⁾ Sjá 62. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽⁹⁶⁾ Sjá til dæmis ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 231/11/COL frá 13.7.2011 um hraða uppbyggingu aðgangsneta af næstu kynslóð á strjálbýlum svæðum sveitarfélagsins Tromsø (Stjtið. ESB C 10, 2.1.2012, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 2, 12.1.2012, bls. 3), undirkaflí 3.2.1.2.

⁽⁹⁷⁾ Sjá 33.–35. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

- 179) Eftirlitsstofnun EFTA hafa ekki borist upplýsingar um hvort stjórnvöld á Íslandi hafi tekið til athugunar aðra valkosti en opinbera fjármögnun á breiðbandsneti til að taka á markaðsbrestinum. Eftirlitsstofnun EFTA hafði hins vegar, líkt og framkvæmdastjórnin, áður kannað styrkveitingu eða skattaívilnun til endanlegra notenda ásamt möguleikanum á fyrirframkvöðum. ⁽⁹⁸⁾ Ólíklegt telst að þessar ráðstafanir yrðu til þess að fjármögnun yrði næg til að reka breiðbandsþjónustu á svæðum þar sem þjónusta er ekki fullnægjandi.
- 180) Eins og áður hefur verið bent á var einungis takmörkuð þjónusta með lághraðanettengingar í boði á umræddu svæði og kortlagningin sýndi fram á að einkafyrirtæki höfðu ekki í hyggju að endurbæta breiðbandsgrunnvirki sín. Stjórnvöld á Íslandi bentu enn fremur á að stóru netþjónustuveiturnar á Íslandi hefðu hvorki sýnt því áhuga að endurbæta nettengingar á umræddu svæði né að fjárfesta í breiðbandsgrunnvirki í nánustu framtíð. ⁽⁹⁹⁾ Við aðstæður eins og í þessu máli, þegar staðfest hefur verið að breiðbandsgrunnvirkjum og þjónustu á tilteknu svæði sé verulega áfátt, virðist opinber fjármögnun því vera eina leiðin til að bæta úr skorti á breiðbandstengingum.
- 181) Því er það niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA að opinber fjármögnun til reksturs á breiðbandsþjónustu sé viðeigandi stjórnþæki til að ná þeim markmiðum sem sett voru.

3.3.2.2 Hefur aðstoðin hvatningaráhrif?

- 182) Samkvæmt leiðbeinandi reglum um breiðband ⁽¹⁰⁰⁾ þarf að kanna hvort ekki hefði verið ráðist í viðkomandi fjárfestingu í breiðbandi án opinberrar fjármögnunar til að meta hvort um hvatningaráhrif hafi verið að ræða.
- 183) Opinbert samráð sem stjórnvöld á Íslandi stóðu að sýndi fram á að ólíklegt var að markaðurinn mundi sjá fyrir breiðbandsneti til ótengdra bygginga í nánustu framtíð. Þjóðendur í opinbera útboðinu breyttu ákvörðunum sínum um fjárfestingu vegna fjárstuðnings við uppbyggingu netkerfisins. Því kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að aðstoðin hafi skapað hvatningu til að ráðast í fjárfestingu hjá þeim þjónustuveitanda sem valinn var til að byggja upp breiðbandsgrunnvirki á svæðum sem hann hefði annars ekki fjárfest í.

3.3.2.3 Meðalhóf aðstoðarinnar og takmörkun á samkeppnisröskun og áhrifum á viðskipti

Nákvæm kortlagning og greining á útbreiðslu

- 184) Stjórnvöld á Íslandi unnu nákvæma kortlagningu og greiningu á útbreiðslu árið 2007. Samkeppnisskilyrði og samkeppnisaðstæður á umræddu svæði voru því greindar og samráð var haft við alla hagsmunaaðila sem urðu fyrir áhrifum af viðkomandi ráðstöfun. Á grundvelli þessa kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að kortlagning og greining á útbreiðslu hafi stuðlað að því að lágmarka hugsanlega röskun á samkeppni.
- 185) Fráhvarf WBS af markaði leiddi til verulegrar breytingar á lista yfir byggingar sem höfðu hvorki aðgang að breiðbandi né fengju aðgang í nánustu framtíð á markaðsforsendum. Í framhaldinu auglýstu stjórnvöld á Íslandi á ný eftir áformum um að veita þjónustu við þær byggingar sem heyrðu upphaflega undir áætlanir WBS. Þetta var gert með auglýsingu í dagblaði sem var að sögn stjórnvalda á Íslandi sama leið og hefur verið farin áður í samskiptum við markaðsaðila. Með þessari samskiptaaðferð gafst öllum þjónustuveitendum tækifæri á að tilkynna stjórnvöldum á Íslandi um áformaða uppbyggingu á svæðinu. Niðurstaða Eftirlitsstofnunar EFTA er því að auglýsing í dagblaði hafi verið fullnægjandi samskiptaaðferð við þessar aðstæður.

⁽⁹⁸⁾ Sjá t.d. ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 231/11/COL um hraða uppbyggingu aðgangsneti af næstu kynslóð á strjálbýlum svæðum sveitarfélagsins Tromsø (Stjtið. ESB C 10, 2.1.2012, bls. 5 og EES-viðbætur nr. 2, 12.1.2012, bls. 3) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 14/2008, *Breiðband í Skotlandi – Aukning á útbreiðsla breiðbands* (Stjtið. ESB C 150, 17.6.2008, bls. 3), 54.–55. mgr.

⁽⁹⁹⁾ Stjórnvöld á Íslandi höfðu samband við einkafyrirtæki til þess að komast að því hvort nokkur markaðsfjárfestir væri reiðubúinn til að tengja umræddar byggingar breiðbandi. Eftir að hafa komist að því að engan áhuga væri að finna fyrir því að veita þjónustuna komust stjórnvöld á Íslandi að þeirri niðurstöðu að á þessum svæðum væri raunverulegur markaðsbrestur fyrir hendi og að þar yrðu ekki boðnar háhraðanettengingar í nánustu framtíð án opinberrar ihlutunar.

⁽¹⁰⁰⁾ Skv. 41. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

Opinbert samráð

- 186) Í leiðbeinandi reglum um breiðband er lögð á kvöð um að viðhafa opinbert samráð rekstraraðila á markaði með opnu og gagnsæju verklagi til þess að tryggja enn frekar að almannafé sé aðeins notað á hvítum svæðum fyrir grunnkerfi fyrir breiðband og hvítum svæðum fyrir aðgangsnét af næstu kynslóð. ⁽¹⁰¹⁾
- 187) Eins og áður hefur verið bent á gerði fjarskiptasjóður greiningu á samkeppnisskilyrðum á markaði og uppbyggingaráformum með því að hafa samráð við hagsmunaaðila með opinberri auglýsingu í Morgunblaðinu til að tryggja algjört gagnsæi. Fjarskiptasjóður tryggði þannig lágmörkun á hugsanlegri samkeppnisröskun.

Opið útboðsferli/fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið

- 188) Eftirlitsstofnun EFTA undirstrikar að þrátt fyrir að tilskipun um opinber innkaup eigi ekki við um innkaup vegna breiðbandsneta og -þjónustu ⁽¹⁰²⁾ falli innkaupin eigi að síður undir grundvallarreglur um jafna meðferð án mismununar. ⁽¹⁰³⁾ Af leiðbeinandi reglum um breiðband leiðir einnig að í hvert sinn sem stjórnvöld, sem veita aðstoðina, ákveða að velja annan aðila til að byggja upp og starfrækja styrkt grunnvirki, skal valferlið fara fram í samræmi við anda og meginreglur tilskipana um opinber innkaup. ⁽¹⁰⁴⁾ Opið útboð tryggir jafnræði allra bjóðenda og að ekki sé fyrir hendi mismunun, lækkar kostnað við fjárveitingu, dregur úr hugsanlegri ríkisaðstoð sem um ræðir og sértæku eðli ráðstöfunarinnar. Framkvæmdastjórnin hefur viðurkennt opin útboð í því skyni að stuðla að því að þessi markmið náist við uppbyggingu breiðbands í ákvörðunum sem voru teknar áður en samningurinn sem hér er metinn var gerður. ⁽¹⁰⁵⁾
- 189) Þegar útboð fer fram er lögð á það áhersla í leiðbeinandi reglum um breiðband að það yfirvald sem veitir aðstoð skuli kveða á um eigindleg úthlutunarviðmið sem framlögð tilboð verða metin samkvæmt. ⁽¹⁰⁶⁾ Leiðbeinandi reglur um breiðband skýra einnig nánar að svo unnt sé að lækka væntanlega aðstoðarfjárhæð, eigi sá bjóðandi sem fer fram á lægstu aðstoðarfjárhæðina, ef gæði eru samskonar, ef ekki nákvæmlega eins, í grundvallaratriðum að fá fleiri forgangsstig við heildarmat á tilboði sínu. ⁽¹⁰⁷⁾ Því stjórnvaldi, sem hefur umsjón með útboðinu, ber einnig að tilgreina fyrir fram hvaða hlutfallsvægi það hyggst gefa hverju (eigindlegu) viðmiði sem valið er.
- 190) Í þessu máli birtu Ríkiskaup fyrir hönd fjarskiptasjóðs útboðslýsinguna á vefsetri sínu og í innlendum dagblöðum í febrúar 2008. Upplýsingar um útboðsferli voru birtar á miðlægu vefsetri á landsvísi í samræmi við c-lið 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband, þ.e. vefsetri Ríkiskaupa, ⁽¹⁰⁸⁾ auk þess sem tilkynnt var um útboðið á vefsetri innanríkisráðuneytisins. ⁽¹⁰⁹⁾ Í útboðslýsingunni voru skýr úthlutunarviðmið sem var ætlað að finna fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið. Fjögur matsviðmið voru notuð: i) heildartilboðsfjárhæð (50%), ii) hraði uppbyggingar (15%), iii) hraði niðurrhals (25%) og iv) 2G GSM (valkvætt) (10%). Í kjölfar birtingar útboðsins áttu Ríkiskaup í viðræðum við áhugasama bjóðendur sem leiddu til þess að frestur til að gera tilboð var framlengdur til 4. september 2008. Ríkiskaupum bærust fimm gild tilboð og tilboðið sem fékk hæstu einkunnina miðað við úthlutunarviðmiðin var valið í framhaldinu. ⁽¹¹⁰⁾

⁽¹⁰¹⁾ B-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹⁰²⁾ Sjá 13. gr. tilskipunar 2004/18/EB.

⁽¹⁰³⁾ Dómafrankvæmd dómstóls Evrópusambandsins staðfestir að reglur sáttmálans um innri markaðinn gildi einnig um samninga sem falla utan gildissviðs tilskipana um opinber innkaup svo fremi að samningurinn hafi þýðingu fyrir atvinnurekendur í öðrum aðildarríkjum. Sjá til dæmis dóm í *Telaustria*, C-324/98, EU:C:2000:669, 60. mgr., dóm í *Coname*, C-231/03, EU:C:2005:487, 16. mgr. og dóm í *Parking Brixen*, C-458/03, EU:C:2005:605, 46 mgr. Sjá einnig orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um túlkun þeirra laga Bandalagsins sem eiga við um samningsgerð sem fellur ekki, eða ekki að öllu leyti, undir ákvæði tilskipana um opinber innkaup (Stjtið. ESB C 179, 28.11.2001, bls. 2).

⁽¹⁰⁴⁾ C-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹⁰⁵⁾ Sjá til dæmis ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 508/08 – *Bretland, veiting breiðbandsþjónustu í dreifbýli á Norður-Írlandi* (Stjtið. ESB C 18, 24.1.2009, bls. 1), ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 475/2007 – *Írland, innlent breiðbandskerfi* (OJ C 18, 24.1.2009, bls. 1) og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 157/06 – *Bretland, breiðbandsverkefni á stafrænu svæði í Suður-Jórvíkurskíri* (Stjtið. ESB C 80, 13.4.2007, bls. 2).

⁽¹⁰⁶⁾ D-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹⁰⁷⁾ Sama heimild.

⁽¹⁰⁸⁾ <http://www.rikiskaup.is/>.

⁽¹⁰⁹⁾ <http://www.innanrikisraduneyti.is/sam/frettir/nr/22547>.

⁽¹¹⁰⁾ Sjá töflu í 18. mgr.

- 191) Eftirlitsstofnun EFTA telur á grundvelli framangreinds að Ríkiskaup hafi, fyrir hönd fjarskiptasjóðs, staðið fyrir opnu og gagnsæju opinberu innkaupaferli við val á þjónustuaðila fyrir breiðbandsnetið. Enn fremur er ljóst að tryggt var að farið væri að meginreglunni um jafna meðferð þar eð öllum áhugasömum bjóðendum var ljóst að verð væri langmikilvægasta viðmiðið í útbodinu þar eð 50% úthlutunarviðmiðanna byggðu á því.
- 192) WBS hvarf af markaði eftir að útbóðsferlinu lauk. Því jókst sá fjöldi bygginga sem þurfti að bjóða breiðbandsþjónustu. Af þeim sökum voru gerðar breytingar á samningnum við þann þjónustuveitanda sem var valinn varðandi umfang, endurgjald og uppbyggingartíma. Breytingar á vísitölutengingu heildargreiðslna voru einnig gerðar vegna óvenjulegra og ófyrirséðra aðstæðna í íslenska hagkerfinu. ⁽¹¹¹⁾
- 193) Kvartandi heldur því fram að öðrum bjóðendum hafi ekki gefist tækifæri til að leggja fram tilboð í viðbótarbyggingarnar og að aukinn fjöldi staða þurfi ekki að leiða til samsvarandi kostnaðarhækkunar og lengri uppbyggingartíma.
- 194) Eftirlitsstofnun EFTA viðurkennir að breytingar gerðar á drögum að samningnum í útbóðsgögnunum séu verulegar og þrátt fyrir að útbóðsreglur EES heimili að samið sé um einhverjar breytingar eftir að þjónustuveitandi hefur verið valinn hafi breytingarnar verið umfram þær takmarkanir sem kveðið er á um í tilskipuninni um opinber innkaup. ⁽¹¹²⁾ Tilskipunin um opinber innkaup gildir, eins og áður hefur verið bent á, ekki um málsmeðferðina í þessu tilviki þar eð innkaup vegna uppbyggingar fjarskiptaneta falla utan gildissviðs hennar. ⁽¹¹³⁾ Samkvæmt leiðbeinandi reglum um breiðband skal valferlið hins vegar engu að síður fara fram í samræmi við anda og meginreglur tilskipana um opinber innkaup. ⁽¹¹⁴⁾
- 195) Eins og fram kemur í ákvörðuninni um að hefja rannsókn var verðið, sem Símanum var greitt eftir aukningu umfangsins, eftir sem áður mun lægra en það verð sem áðrir bjóðendur buðu, ⁽¹¹⁵⁾ og það verð sem ráðgjafar sjóðsins áætluðu fyrirfram. Breytingarnar kunna því að hafa verið réttlætanager vegna misræmis á verði. Einnig var ljóst samkvæmt kafla 2.3.4 í útbóðslýsingunni undir yfirskriftinni „Nýjar tengingar og tengiskylda“ að meðalverð á einingu í upphaflega tilboðinu yrði notað sem viðmiðun ef ófyrirsjáanleg aukning yrði á umfangi verkefnisins. Í fyrrnefndum kafla eru í raun sérstök fyrirmæli um að nota meðalverðsaðferð við mat á kostnaði fyrir nýja staði sem er bætt við verkefnið.
- 196) Í samræmi við viðtekna dómaframkvæmd telur Eftirlitsstofnun EFTA enn fremur að það geti talist viðunandi, í það minnsta við ýktar aðstæður, að ríki velji áreiðanlega niðurstöðu í stað óáreiðanlegrar og hljóti þannig fasta og fullnægjandi arðsemi í stað arðsemi sem ekki var unnt að spá fyrir um. ⁽¹¹⁶⁾ Eftirlitsstofnun EFTA kemst þar af leiðandi að þeirri niðurstöðu að jafnræðis hafi verið gætt með öllum bjóðendum og að valferlið og aukning á umfangi verkefnisins hafi farið fram í samræmi við anda og meginreglur tilskipana um opinber innkaup að teknu tilliti til þess að tilgangurinn með útbóðsferli er að ná lægsta verði fyrir samfélagið, áhersla var lögð á verð í úthlutunarviðmiðunum, meðalverðsaðferðin kom fram í útbóðsgögnum og auk þess var mikill munur á framlögðum tilboðum.
- 197) Kvartandi heldur því loks fram varðandi breytingu á vísitölu frá neysliverði yfir í erlendan gjaldmiðil að það hafi orðið til frekari hækkunar á greiðslum til Símans vegna gengislækkunar á íslenskrí krónu í kjölfar fjármálakreppunnar. Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að þessar breytingar hafi ekki falið í sér að öll áhættan hafi lagst á þau þar eð Síminn varð einnig fyrir

⁽¹¹¹⁾ Frekari grein er gerð fyrir breytingunum í kafla I.3.1.4 þessarar ákvörðunar. Sjá einnig 27. og 61. mgr. hér að framan.

⁽¹¹²⁾ Sjá til dæmis a-lið 4. mgr. 31. gr. tilskipunar 2004/18/EB, en þar segir: „[...] þegar um er að ræða viðbótarverk eða þjónustu sem ekki var gert ráð fyrir í verkefni sem var upphaflega áætlað eða í upphaflegum samningi en sem hafa, vegna ófyrirsjáanlegra aðstæðna, orðið nauðsynleg fyrir framkvæmd verksins eða þjónustunnar sem þar er lýst, að því tilskildu að samningurinn sé gerður við rekstraraðilann sem annast framkvæmd þessa verks eða þjónustu:

– þegar ekki er unnt að aðskilja slíkt viðbótarverk eða þjónustu frá upphaflega samningnum af tæknilegum eða fjárhagslegum ástæðum án þess að valda samningsyfirvöldum miklum óþægindum,

eða

– þegar slíkt viðbótarverk eða þjónusta eru alveg nauðsynleg fyrir framkvæmd upphaflega samningsins þótt unnt sé að aðskilja verkið eða þjónustuna frá honum.

Samanlagt verðmæti samninga, sem gerðir eru vegna viðbótarverka eða viðbótarþjónustu, má þó ekki fara yfir 50% af verðmæti upphaflega samningsins.“

⁽¹¹³⁾ Sama heimild, 13. gr.

⁽¹¹⁴⁾ C-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹¹⁵⁾ Sjá töflu í kafla I.2.1.3 hér að ofan.

⁽¹¹⁶⁾ Sjá til dæmis dóm í *Holland og ING Groep gegn framkvæmdastjórn*, T-29/10, EU:T:2012:98, 123. mgr.

kostnaðaraukningu vegna annarra verkþátta sem tengdust ekki gengi á danskri krónu, þ.e. launakostnaðar, olíu og annarra aðfanga. ⁽¹¹⁷⁾ Þau hafa einnig sýnt fram á að sú aðstoðarfjárhæð sem þurfti hafi samt verið mun lægri en næstlægsta gilda tilboðið og kostnaðarmat fjarskiptasjóðs eftir að þessar breytingar voru felldar inn í samninginn.

- 198) Með hliðsjón af því sem að framan greinir kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að í heildina hafi útboðið og valferlið verið í samræmi við anda og meginreglur tilskipana um opinber innkaup og að stjórnvöld á Íslandi hafi valið fjárhagslega hagkvæmasta tilboðið.

Hlutleysis gætt að því er varðar tækniáferðir

- 199) Samkvæmt e-lið 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband skal útboð ekki ívilna eða útiloka eina tegund tækni eða eitt grunnkerfi umfram annað. Því skal heimila bjóðendum að byggja framboð sitt á þeirri breiðbandsþjónustu sem skylt er að veita með hverri þeirri tækni eða samsetningu tæknilausna sem þeim þykir best henta. Á grundvelli hlutlægra útboðsskilmála ætti stjórnvaldi, sem veitir aðstoðina, að vera heimilt að velja þá tæknilausn eða blöndu tæknilausna sem best hentar.
- 200) Í samræmi við grein 2.1 í útboðslýsingunni var verkefnið tæknilega óháð og ekki voru settar fram neinar tiltekna skilgreiningar á því hvernig byggja ætti netkerfið upp eða hvaða tæknilausnum skyldi beitt. Útboðið ívilnaði ekki einni tegund tækni eða einu grunnkerfi umfram annað og bjóðendum var gert að skilgreina hentugustu tæknilausnina til að tengja byggingarnar sem voru auðkenndar við kortlagninguna. Útboðið var því opið öllum tæknilausnum og þar af leiðandi tæknilega óháð eins og krafa er gerð um í leiðbeinandi reglum um breiðband. Eftirlitsstofnun EFTA kemst að þeirri niðurstöðu að hentugasta tæknin, eða blanda tækni, hafi verið valin með því að beita meginreglunni um tæknilegt hlutleysi. ⁽¹¹⁸⁾

Notkun grunnvirkja sem fyrir eru

- 201) Í samræmi við leiðbeinandi reglur um breiðband skulu stjórnvöld í EFTA-rikkjunum hvetja bjóðendur til að nýta sér grunnvirki sem fyrir eru með það fyrir augum að forðast óþarfa uppbyggingu tveggja hliðstæðra kerfa með tilheyrandi soun og draga úr opinberum fjárframlögum. ⁽¹¹⁹⁾ Umræddar byggingar voru, eins og áður hefur verið bent á, ekki með neinn aðgang að breiðbandsneti áður en netkerfið var byggt upp. Eftirlitsstofnun EFTA hafa enn fremur ekki borist neinar vísbendingar frá nokkrum rekstraraðila netkerfis um óþarfa uppbyggingu tveggja hliðstæðra kerfa með tilheyrandi soun í þessu tilviki.
- 202) Með hliðsjón af þessu virðist notkun á þeim grunnvirkjum sem fyrir eru ekki hafa haft mikilvægu hlutverki að gegna við uppbyggingu niðurgreidda netkerfisins.

Heildsöluaðgangur

- 203) Þegar ríkisaðstoð er veitt til fjármögnunar á byggingu nýs breiðbandsgrunnvirkis er nauðsynlegt að kveða á um greiðan heildsöluaðgang þriðja aðila að hinu niðurgreidda breiðbandsgrunnvirki. Hér er einkum á það að líta að heildsöluaðgangur gerir öðrum rekstraraðilum fært að keppa við bjóðandann sem samið hefur verið við (t.d. ef sá bjóðandi starfar einnig á smásölustigi) og eykst þannig bæði úrval og samkeppni á svæðunum sem ráðstöfunin tekur til, jafnframt því sem forðast má að þjónustufyrirtæki sé komið á fót sem öðlist einokunaraðstöðu í viðkomandi byggðum. ⁽¹²⁰⁾ Það að veita samkeppnisaðilum skilvirkan heildsöluaðgang lágmarkar enn fremur samkeppnisröskun sem ávallt fylgir ríkisaðstoðarráðstöfunum.
- 204) Með stjórnsýsluframkvæmd framkvæmdastjórnarinnar, sem á sér lengri sögu en samningurinn sem hér er verið að meta, hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að veita öðrum rekstraraðilum heildsöluaðgang að niðurgreiddum netkerfum. ⁽¹²¹⁾

⁽¹¹⁷⁾ Skjal nr. 687314.

⁽¹¹⁸⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 219/14/COL frá 11.6.2014 um ríkisaðstoðarkerfi vegna breiðbandsvæðingar (Stjtið. ESB C 344, 2.10.2014, bls. 13 og EES-viðbætur nr. 55, 2.10.2014, bls. 4), e-liður 125. mgr.

⁽¹¹⁹⁾ F-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹²⁰⁾ G-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹²¹⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar C 53/2006 *Fjárfesting Amsterdamborgar í ljósleiðaraneti beint í hús (FitH)* (Stjtið. ESB L 247, 16.9.2008, bls. 27), 96. mgr. og N 14/2008 *Bretland, Breiðband í Skotlandi – Aukin útbreiðsla breiðbands* (Stjtið. ESB C 150, 17.6.2008, bls. 3), c-liður 57. mgr. og N 475/2007 Írland, innlent breiðbandskerfi („NBS“) (Stjtið. ESB C 282, 24.11.2007, bls. 1), e-liður 45. mgr.

- 205) Í leiðbeinandi reglum um breiðband er einnig lögð áhersla á það að heildsöluáðgangskvaðir, sem gilda um niðurgreidd netkerfi, ættu að samræmast þeim aðgangskvöðum sem mælt er fyrir um í atvinnugreinareglugerðinni. Að jafnaði ættu styrkt fyrirtæki hins vegar að bjóða rekstraraðilum, sem hafa umtalsverðan markaðsstyrk, meira úrval af aðgangsvörum í heildsölu en því sem eftirlitsyfyrvöld í hverju landi mæla fyrir um þar sem aðstoðarþeginn notar ekki aðeins eigið fjármagn heldur einnig fé frá skattgreiðendum til þess að byggja upp eigin grunnvirki. Slíkan heildsöluáðgang skal veita eins fljótt og hægt er áður en hafist er handa við rekstur netkerfisins. ⁽¹²²⁾
- 206) Í kjölfar greiningar árið 2008 á markaði fyrir breiðbandsaðgang í heildsölu lagði PFS, innlenda eftirlitsyfyrvaldið á Íslandi, skyldu á Símann (sem fyrirtækið með verulegan markaðsstyrk) til að verða við öllum eðlilegum og sanngjörnum beiðnum annarra fjarskiptafyrirtækja um opinn aðgang að sérhæfðum netgrunnvirkjum í tengslum við koparheimtaugar á heildsölustigi auk möguleika á afhendingu bitastraumsins á mismunandi stöðum í netkerfinu. ⁽¹²³⁾ Þar var tilgreint að Símann skuli m.a. verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang samkvæmt leiðum 1, 2, 3 og 4 eins og skilgreint er í 32. mgr. hér að framan. Vísað var til þessarar ákvörðunar PFS í útböðslýsingunni.
- 207) Regluramma ESB um rafræn fjarskipti er í raun ætlað að greiða fyrir samkeppni með því að nýir aðilar reiði sig með tímanum meira á eigin grunnvirki þegar hagkvæmt er að þeir geri það. ⁽¹²⁴⁾ Reglusetning sem hvetur til skilvirkra fjárfestinga fyrirtækja í eigin grunnvirkjum telst stuðla frekar að áhrifaríkri og sjálfbærri samkeppni. Þetta hefur leitt til þeirrar stjórnsýslunálgunar á rafrænum fjarskiptamarkaði að þegar um umtalsverðan markaðsstyrk er að ræða hafi aðrir rekstraraðilar samtímis fjölda aðgangsvara á mismunandi stigum netkerfisins. Með slíkum aðgreindum aðgangsleiðum er tekið tillit til mismikillar útbreiðslu netkerfa hinna rekstraraðilanna. Eins og evrópskur hópur eftirlitsaðila greindi frá („ERG“, er nú kallaður evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta eða „BEREC“) er þessi reglugerðarnálgun fyrir stigvaxandi fjárfestingu viðtekin regla í gildandi regluramma um rafræn fjarskiptanet og þjónustu. ⁽¹²⁵⁾
- 208) Við ákvarðanir um ríkisaðstoð hefur auk viðtekinnar eftirlitsvenju með greiðum heildsöluáðgangi að breiðbandsþjónustu einnig verið stuðst við sveigjanlega nálgun vegna þeirra mismunandi aðgangsleiða sem þörf hefur verið á. Sem dæmi má nefna að í ákvörðunum frá 2006 og 2007 um fjárfestingu Amsterdamborgar í breiðbandsneti fyrir ljósleiðara beint í hús ⁽¹²⁶⁾ átti að veita heildsöluáðgang að bæði óvirkum ⁽¹²⁷⁾ og virkum ⁽¹²⁸⁾ hluta netkerfisins. Í ákvörðun frá 2010 um uppbyggingu á mjög hröðu breiðbandsneti í Frakklandi ⁽¹²⁹⁾ átti að veita heildsöluáðgang að öllum stigum niðurgreidda grunnvirkisins. Þar eð aðstoð var veitt vegna óvirkis netgrunnvirkis (þ.e. stokka og svartra ljósleiðara) átti að greiða fyrir aðgangi að óvirkum hluta netkerfisins eins og var kveðið á um í ákvörðun franska eftirlitsyfyrvaldsins, ARCEP, árið 2010. ⁽¹³⁰⁾ Hins vegar átti einnig að bjóða öllum þriðju aðilum með næga eftirspurn eftir virkri aðgangsvöru slíkan

⁽¹²²⁾ G-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹²³⁾ Ákvörðun PFS nr. 8/2008 (sjá 33. nmgr. hér að ofan).

⁽¹²⁴⁾ Sjá til dæmis c-lið 5. mgr. 8. gr. gerðarinnar sem um getur í lið 5cl við XI. kafla EES-samningsins (tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um kynningu nr. 2002/21/EB frá 7.3.2002 um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu („rammatilskipun“) (Stjtið ESB L 108, 24.4.2002, bls. 33)), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 11/2004 frá 6. febrúar 2004 (Stjtið. ESB L 116, 22.4.2004, bls. 60 og EES-viðbætur nr. 20, 22.4.2004, bls. 14), með áorðnum breytingum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/140/EB frá 25. nóvember 2009 um breytingu á tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, tilskipun 2002/19/EB um aðgang að rafrænum fjarskiptanetum og samtengingu þeirra og tilheyrandi aðstöðu og tilskipun 2002/20/EB um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu („tilskipun um betri reglusetningu“) (Stjtið. ESB L 337, 18.12.2009, bls.37) (hefur ekki enn verið felld inn í EES-samninginn) sem um getur í lið 5cl við XI. kafla EES-samningsins (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 544/2009 frá 18. júní 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 717/2007 um reiki á almennum farsímanetum innan Bandalagsins og tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (Stjtið. ESB L 167, 29.6.2009, bls. 12), sem hefur verið tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2009 frá 22. október 2009 (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 4 og EES-viðbætur nr. 68, 17.12.2009, bls. 4), þar sem er tekið fram að eitt markmið reglurammans sé að stuðla að samkeppni, þar sem það á við, í gerð fjarskiptavirkja.

⁽¹²⁵⁾ ERG 06(33), endurskoðuð sameiginleg afstaða evrópsks hóps eftirlitsaðila um nálgun við beitingu viðeigandi úrræða innan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu, maí 2006.

⁽¹²⁶⁾ Sjá 121. nmgr. hér að ofan og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (C (2007) 6072 lokag.) í máli C 53/2006 (áður N 262/2005, áður CP 127/2004), *Fjárfesting Amsterdamborgar í netkerfi með ljósleiðara beint í hús (FutH)* (Stjtið. ESB L 247, 16.9.2008, bls. 27).

⁽¹²⁷⁾ Með óvirkum netaðgangi er átt við aðgang að óvirkum netkerfi án rafefnaáhrifa (þ.e. efnislega hluta netkerfisins eins og stokka, ljósleiðara, skápa o.fl.).

⁽¹²⁸⁾ Með virkum netaðgangi er átt við aðgang að virkjuðu netkerfi (þ.e. þar sem þau kerfi eða tæknibúnaður sem þarf til að starfrækja netkerfið eru til staða, svo sem skiptar, beinar eða kvisttengi).

⁽¹²⁹⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 330/2010, *France – Programme national «Très Haut Débit» – Volet B* (Stjtið. ESB C 364, 14.12.2011, bls. 1).

⁽¹³⁰⁾ Þar með talið var tilboð til þeirra sem leita að aðgangi um að tengja eigin netkerfi, að tengja mismunandi hluta netkerfanna og að tengja endanlega neytendur.

aðgang. ⁽¹³¹⁾ Eftirspurn taldist nógu mikil ef eftirfarandi þrjú skilyrði voru uppfyllt ef i) þeir sem leita eftir aðgangi leggja fram heildstæðar viðskiptaáætlanir sem réttlæta tengingu við netkerfið, ii) þeir sem leita eftir aðgangi sýna að þeir hafi ekki fjárhagslega burði til að setja upp virkan búnað sinn og iii) einkafyrirtæki bjóða engar virkar aðgangsvörur eins og er á sama landsvæði á sambærilegu verði og er í boði á þéttbýlli svæðum. ⁽¹³²⁾

- 209) Dæmin hér að framan eiga aðallega við um heildsölunetaðgang að fastlínunetum en Eftirlitsstofnun EFTA er ekki ljóst af hverju áþekk sveigjanleg nálgun vegna aðgangs hefði ekki einnig átt við um heildsölunetaðgang að netkerfum sem byggja á fartæknaðgangi. Sem dæmi má nefna að þegar eftirlitsyfyrirvöld í hverju landi hafa greint umtalsverðan markaðsstyrk á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum í tengslum við reglugerðir hefur verið greitt fyrir margvíslegum aðgangssleiðum vegna mismikillar útbreiðslu netkerfa markaðsaðila. PFS vakti athygli á því í niðurstöðu sinni árið 2007 um yfirburðastöðu á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í farsímanetum á Íslandi að í ljósi fjölbreytileika farsímanetmarkaðarins og margvíslegra þarfa aðila sem hugsanlega gætu óskað aðgangs, ættu öll form heildsöluaðgangs, sem sanngjarn er að veita með eðlilegum hætti og sem geta eftt samkeppni á smásölumarkaði, að falla undir aðgangsskvöðina. ⁽¹³³⁾ Í þessu sambandi var Símanum gert að verða við eðlilegum og sanngjörnum beiðnum um aðgang i) að innanlandsreiki, ⁽¹³⁴⁾ ii) að samnýtingu eða samhýsingu, ⁽¹³⁵⁾ iii) að sýndarnetaðgangi („MVNO“) ⁽¹³⁶⁾ og iv) til endursölu. ⁽¹³⁷⁾
- 210) Af grein 2.1 í útboðslýsingunni, sem er merkt I. viðauki við samninginn, leiðir að verkefnið sem verið er að meta hafi verið tæknilega hlutlaust. Í samræmi við þessa meginreglu notaði Síminn ADSL, UMTS, gervihnattatækni og þráðlausa nettækni til að byggja upp opinberlega fjármagnað netkerfi. ⁽¹³⁸⁾ Svo virðist sem almennt ætti að veita öðrum rekstraraðilum skilvirkan, tæknilega óháðan heildsöluaðgang sem ætti að miðast með sanngjörnum hætti við viðkomandi aðgangsparfir þeirra til að koma í veg fyrir hugsanlega samkeppnisröskun þegar ríkisaðstoð er veitt á rafrænum fjarskiptamörkuðum .
- 211) Stjórnvöld á Íslandi hafa sýnt fram á að upphaf markaðssetningar og sölu í hverjum áfanga verkefnisins var tilkynnt opinberlega á vefsetri fjarskiptasjóða á tímabilinu frá ágúst 2009 til ágúst 2010. Með það í huga að ívilna einum þjónustuveitanda ekki umfram aðra fengu heimili og fyrirtæki í verkefninu enn fremur bréf frá fjarskiptasjóði í því skyni að útskýra eðli verkefnisins þar sem fólki var gert ljóst að frá og með tilteknum degi gæti það byrjað að panta þjónustu frá hvaða þjónustuveitanda sem væri reiðubúinn til að veita þeim þjónustuna. Í bréfinu kom sérstaklega fram að verkefnið var opið öllum þjónustuveitendum. Fjarskiptasjóður sendi einnig öllum fjarskiptafyrirtækjum, þ.m.t. öllum netþjónustuveitum sem þá voru á skrá hjá PFS, tilkynningu þar sem fram kom að þau hefðu öll aðgang að því að nýta sér nýja grunnvirkið. Öllum netþjónustuveitum á markaðnum gafst því tækifæri á að hefja samkeppnisþjónustu í smásölu á sama tíma og Síminn.

⁽¹³¹⁾ Hvað þetta varðar var þessi tegund netstarfsemi ekki fjármögnuð af verkefninu en engu að síður var kvöð um virkan aðgang að heildsöluvörum þegar næg eftirspurn var eftir slíkum vörum.

⁽¹³²⁾ Sjá ákvörðun nr. 231/11/COL, sem vísað er til í 73. nmgr. hér að framan, 24. mgr.

⁽¹³³⁾ Sjá ákvörðun PFS nr. 4/2007 um útnefningu fyrirtækis með umtalsverðan markaðsstyrk og álagningu kvaða á markaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15) og greiningu á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15) frá 5. febrúar 2007.

⁽¹³⁴⁾ „Innanlandsreiki“ vísar til samkomulags milli rekstraraðila farsímaneta um að nota netkerfi hvors annars til að veita þjónustu á landsvæðum sem þjónusta þeirra nær enn ekki til.

⁽¹³⁵⁾ Þetta vísar til kvaðar Símans um að bjóða öðrum rekstraraðilum farsímanetkerfa að koma búnaði sínum fyrir á, eða samnýta, landareign eða farsímagrunnvirki (þ.m.t. kapalstokka, byggingar eða möstur).

⁽¹³⁶⁾ „Rekstraraðili sýndarnets“ (MVNO) vísar til veitanda farstöðvaþjónustu sem hefur ekki yfir að ráða eigin tíðnirófi og hefur eða hefur ekki yfir eigin farsímagrunnvirki að ráða, allt eftir því hvaða tiltekna viðskiptalíkan er notað og að því hvaða marki veitandinn treystir á búnað hýsifarsímanetsins. Þegar um hreinan sýndarnetaðgang er að ræða hefur sýndarnetsþjónustuaðili samkvæmt skilgreiningu PFS í ákvörðun nr. 4/2007 yfir að ráða því kerfi sem þarf fyrir samtengingu og reiki hjá öðrum netrekendum en á hins vegar ekki dreifikerfi (það er þráðlausa hluta farsímanetsins).

⁽¹³⁷⁾ Almennt séð hefur endursöluaðili hvorki farsímatíðnirófi né netgrunnvirki en hann á í beinum samskiptum við viðskiptavini og getur m.a. séð um útgáfu reikninga til viðskiptavina, markaðssetningu og sölu þjónustunnar til endanlegra notenda með sjálfstæðu sérheiti. Samkvæmt skilgreiningu PFS í ákvörðun nr. 4/2007 býr endursöluaðili ekki yfir neinu sjálfstæðu farsímagrunnvirki og kaupir nánast alla stuðningsþjónustu á heildsölustigi.

⁽¹³⁸⁾ Eins og er greint frá áður í 30. mgr. hér að framan voru 55% bygginganna tengd við UMTS (þráðlaust 3G-samband á föstum stað), 41% við ADSL og 4% við gervihnött/þráðlaust net.

- 212) Samkvæmt II. viðauka við samninginn er seljanda fjárlást að bjóða leiðir 1–4 en er einungis skylt að bjóða leið 3 í öllum tilvikum þar sem notast er við ADSL breiðbandstækni í verkefninu (sjá 33. mgr. hér að framan).⁽¹³⁹⁾ Á sama tíma er hins vegar mælt fyrir um í II. viðauka samningsins að veita skyldi heildsöluaðgang að þjónustu er byggð á ADSL við sömu skilyrði og lýst er í ákvörðun PFS frá 2008 nr. 8/2008 um heildsöluaðgang að breiðbandi þar sem kvöð er lögð á Símann um að bjóða leiðir 1, 2, 3 og 4.⁽¹⁴⁰⁾
- 213) Í þeim tilvikum þar sem UMTS tækni er notuð til að bjóða breiðbandsþjónustu í tengslum við verkefnið er seljanda enn fremur aðeins skylt að bjóða aðgang samkvæmt leið 4. Að sögn stjórnvalda á Íslandi er meginástæða þessa fyrirkomulags sú að seljandi þarf að vera með fullan aðgang og stjórn á UMTS neti enda á milli. Leið 4 er byggð á þeirri skilgreiningu á grunnþjónustu sem kemur fram í kafla 2.2.9 í útboðsgögnum en þar er lýst hefðbundinni endursöluþjónustu fyrir Netið þar sem endurseljandi starfrækir engan hluta netkerfisins. Samkvæmt þessari lýsingu leggur Símann enn fremur ávallt til notendabúnað og uppsetningu óháð því hver smásalinn er og fyrirtækið sér einnig um þjónustu við viðskiptamenn og viðhaldsþjónustu.
- 214) Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að Símann hafi frá upphafi verkefnisins verið skuldbundinn til að veita samkeppnisaðilum sínum virkan heildsöluaðgang með vísan til framangreindrar kvaðar í samningnum. Símann hefur einnig verið skyldaður til að bjóða öllum netþjónustuveitum á markaðnum, þ.m.t. Vodafone, heildsöluaðgang að ADSL netkerfi sínu í samræmi við ákvörðun PFS nr. 8/2008. Heildsöluaðgangur hefur því staðið til boða öllum sem leituðu eftir heildsöluaðgangi á markaðnum, óháð tæknigetu þeirra eða staðsetningu. Samkvæmt gögnum sem Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist hefur Símann í reynd gengið frá 11 aðgengissamningum á heildsölustigi við samkeppnisaðila um að veita ADSL þjónustu, 2 heildsölusamningum um að veita UMTS/3G þjónustu og 2 samningum varðandi veitingu á 2G þjónustu.⁽¹⁴¹⁾ Stjórnvöld á Íslandi hafa bent á að þeim hafi ekki borist neinar upplýsingar um að Símann hafi hafnað sanngjörnum beiðnum um heildsöluaðgang. Heildsöluaðgangur hefur þvert á móti verið boðinn frá upphafi verkefnisins og Símann hefur boðið UMTS heildsöluaðgang á vefsetri sínu.⁽¹⁴²⁾
- 215) Samkvæmt upplýsingum sem stjórnvöld á Íslandi létu í té hefur Vodafone aðeins óskað eftir reikiaðgangi að 3G sendum Símans í því skyni að veita 3G farsímafjarskipti. Vodafone hefur hins vegar aldrei óskað eftir heildsölu- eða endursöluaðgangi að háhraðaþjónustu fyrir Netið í gegnum UMTS, ADSL eða gervihnött á þeim svæðum sem heyra undir verkefnið. Hvorki Símanum né stjórnvöldum á Íslandi hefur borist slík beiðni frá Vodafone. Samkvæmt Símanum hefur hann boðið Vodafone 3G reiki á markaðsforsendum en Vodafone hefur ekki verið reiðubúið til að ganga til samninga. Samkvæmt Símanum hefur Vodafone eins og er samning um reikiaðgang á 3G neti við Nova.⁽¹⁴³⁾
- 216) Stjórnvöld á Íslandi hafa sýnt fram á að umrætt verkefni er verulega áþekkt írsku breiðbands-áætluninni („Irish National Broadband Scheme“, „NBS“). Verkefnið voru framkvæmd á um það bil sama tíma, í báðum verkefnum var gerð krafa um að netrekandi byði áþekkan heildsölu-aðgang að breiðbandi, í báðum verkefnum notuðu netrekendur blandaða tækni (þ.m.t. þráð-lausa tækni) og í hvorugu verkefninu voru gefin formleg fyrirmæli um að veita talþjónustu á UMTS/3G. Í NBS-verkefninu var einnig notuð sama tæknilausn fyrir heildsöluaðgang að 3G og var notuð í íslenska verkefninu. Framkvæmdastjórnin komst að þeirri niðurstöðu, að loknu mati á NBS-verkefninu, að þau ákvæði um aðgangskvöð sem mælt var fyrir um gerðu öðrum rekstraraðilum kleift að keppa við þjónustuveitandann, sem var valinn til að koma netkerfinu upp, og að þannig væri aukið úrval og eflað samkeppni á svæðinu sem ráðstöfunin á við um.⁽¹⁴⁴⁾
- 217) Með hliðsjón af því sem að framan greinir kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að stjórnvöld á Íslandi hafi tryggt virkan heildsöluaðgang annarra rekstraraðila að niðurgreidda breiðbandsgrunnvirkni með samningnum við Símann og þeim kvöðum sem þar koma fram.

⁽¹³⁹⁾ Samkvæmt upplýsingum sem bárust frá stjórnvöldum á Íslandi átti heildsöluaðgangur að vera virkur frá 2008 til 2014 og samningsaðilar geta bætt allt að 2 árum við tímabilið með hliðsjón af markaðsþróun og öðrum þáttum.

⁽¹⁴⁰⁾ Vísad er í lýsingu á leiðum 1–4 í kafla 2.2.4 í I. hluta hér að framan.

⁽¹⁴¹⁾ Skjal nr. 687322.

⁽¹⁴²⁾ Fjarskiptafélagið Tal hefur m.a. gert samning um heildsöluaðgang við Símann, sjá einnig 86. mgr. hér að framan.

⁽¹⁴³⁾ Skjal nr. 687314.

⁽¹⁴⁴⁾ Sjá ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar N 475/2007, *Ireland National Broadband Scheme (NBS)* (Stjtið. ESB 18, 24.1.2009, bls. 1), 45. mgr.

Verðlagning á heildsöluáðgangi

- 218) Samkvæmt h-lið 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband skal heildsöluáðgangsverð grundvallast á meginreglum um verð sem eftirlitsyfirlögd í hverju landi setja og á samburði og skal taka mið að þeirri aðstoð sem rekstraraðili netkerfis fær. Ákvörðun PFS um breiðbandsaðgang í heildsölu, þ.e. markað 5 samkvæmt tilmælum Eftirlitsstofnunar EFTA um viðkomandi markaði, náði hins vegar ekki yfir breiðbandsþjónustu á ljósleiðaragrunnvirki. ⁽¹⁴⁵⁾ Ljósleiðarar eru einnig undanskildir frá markaði með heildsöluáðgang að (efnislegum) netvirkjum (meðal annars sameiginlegur eða fyllilega ósundurgreindur aðgangur) gegnum fasttengingu (markað 4). PFS hefur því ekki lagt á kvöð varðandi verðlagningu á heildsöluáðgangi að ljósleiðaraneti.
- 219) Með tilliti til einstakra málsatvika hér er hins vegar gagnlegt að taka fram að þrátt fyrir að PFS hafi ekki lagt á neinar kvaðir um verðlagningu á heildsöluáðgangi hafi staðlaðir endursölusamningar, þ.m.t. staðlaður endursöluafsláttur fyrir bæði ADSL og UMTS tækni, fylgt með í 10. viðauka við samninginn. Sú staðreynd að veruleg upptaka hefur verið á tilboðum um heildsöluáðgang á nýbyggða netkerfinu ⁽¹⁴⁶⁾ gefur enn fremur til kynna að verðið sem Síminn býður sé samkeppnishæft og endurspegli markaðinn. ⁽¹⁴⁷⁾

Fyrirkomulag á eftirliti og endurgreiðslu

- 220) Almennt séð ber yfirvaldi sem veitir aðstoð að nota eftirlitskerfi til að koma í veg fyrir alla hættu á ofgreiðslu. Samkvæmt leiðbeinandi reglum um breiðband ber yfirvaldi sem veitir aðstoð hins vegar einungis að nota endurgreiðslukerfi ef aðstoðarfjárhæð verkefnisins er hærra en 10 milljónir evra (þ.e. um það bil 1,5 milljarðar króna). ⁽¹⁴⁸⁾
- 221) Stjórnvöld á Íslandi hafa staðfest að í umræddu tilviki hafi heildarkostnaður verkefnisins verið talsvert undir 10 milljón evra mörkunum. Eftirlitsstofnun EFTA samþykkir af þeim sökum að engin þörf hafi verið á að nota eftirlits- og endurgreiðslukerfi.
- 222) Stjórnvöld á Íslandi hafa engu að síður staðfest að greiðslur til Símans voru gerðar í samræmi við fyrirframákveðna greiðsluáætlun tengda framvindu verkefnisins sem kom í veg fyrir mögulega ofgreiðslu. Í samræmi við 19. gr. samningsins lagði Síminn fram bankaábyrgð frá Nýja Kaupþingi dagsetta 17. febrúar 2009 sem var fyrirkomulag á endurgreiðslu sem koma átti í veg fyrir ofgreiðslu endurgjalds. Í samningnum er einnig strangt greiðslufyrirkomulag í samræmi við framvindu verkefnisins sem felur í sér að greiðslur eru að vissu marki háðar raunverulegum árangri við uppbyggingu kerfisins og móttökum viðskiptavina, eins og kveðið er á um í 16. gr. samningsins. Að lokum er að finna ákvæði um bótaskyldu í 11. gr. samningsins þar sem Símanum er gert að greiða bætur ef tafir verða auk ákvæðis í 13. gr. samningsins um misbrest á efdum.

Skýrslugjöf

- 223) Samkvæmt k-lið 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband ber yfirvaldi sem veitir aðstoð að senda Eftirlitsstofnun EFTA lykilupplýsingar um hið styrkta verkefni á tveggja ára fresti (frá þeim degi sem netkerfið fer í notkun). ⁽¹⁴⁹⁾ Þótt umrædd aðstoðarráðstöfun hafi ekki verið tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA formlega hafa stjórnvöld á Íslandi nú svarað beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA um upplýsingar og veitt viðeigandi upplýsingar eða lykilupplýsingar. Þessar upplýsingar ber nú að senda Eftirlitsstofnun EFTA annað hvert ár í samræmi við kvaðir Íslands um skýrslugjöf vegna ríkisaðstoðarráðstafana.

⁽¹⁴⁵⁾ Sjá tilmæli Eftirlitsstofnunar EFTA frá 5.11.2008 um viðkomandi vöru- og þjónustumarkaði á sviði fjarskipta sem ástæða kann að vera til að fella undir fyrirframkvaðir í samræmi við rammtilskipun (Stjóð. ESB C 156, 9.7.2009, bls. 18).

⁽¹⁴⁶⁾ Samkvæmt upplýsingum sem Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist hafa nokkrir þjónustuveitendur keypt heildsöluáðgang af Símanum og hafið sölu á eigin þjónustu á netkerfinu.

⁽¹⁴⁷⁾ Sjá ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 444/13/COL frá 13.11.2013 um uppbyggingu aðgangsneta af næstu kynslóð í sveitarfélaginu Skeiða- og Gnúpverjahreppur (Stjóð. ESB C 66, 6.3.2014, bls. 6 og EES-viðbætur nr. 14, 6.3.2014, bls. 1), 114. mgr.

⁽¹⁴⁸⁾ L-liður 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband.

⁽¹⁴⁹⁾ Auk þeirra opinberu upplýsinga sem um getur í j-lið 74. mgr. leiðbeinandi reglna um breiðband þarf þar að koma fram dagsetningin þegar netkerfið fer í notkun, heildsöluáðgangsvörur, fjöldi þeirra sem leita eftir aðgangi og þjónustuveitenda á netkerfinu, fjöldi bygginga sem kerfið nær til og upptökhlutfall.

3.4 Heildarjafnvægisathugun

- 224) Að loknu mati á ráðstöfuninni samkvæmt viðeigandi skilyrðum jafnvægisathugunarinnar og þeim grundvallarreglum um ríkisaðstoð við breiðbandsgrunnvirki sem koma fram í leiðbeinandi reglum um breiðband kemst Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að á heildina litið stuðli ráðstöfunin að því að bæta úr landfræðilegu og viðskiptalegu óhagræði á þessum dreifbýlissvæðum sem að öðrum kosti hefði ekki verið tekið á með markaðstengdum lausnum í náinni framtíð. Ráðstöfunin miðar að því að efla samkeppnisframboð á nýstárlegri breiðbandsþjónustu í háum gæðaflokki við byggingarnar sem um er að ræða. Ráðstöfunin hefur verið þannig útfærð að tryggja má að heildaráhrifin af henni séu jákvæð.
- 225) Hönnun verkefnisins og möguleikar á greiðum heildsöluaðgangi (þ.m.t. meðal annars opin hönnun á netkerfi án mismununar og viðskiptalíkan aðstoðarþega sem snýr einungis að heildsölu ásamt skýru umboði um að hann veiti öllum þjónustuveitendum sanngjarnan aðgang án mismununar) tryggja enn fremur að sú samkeppnisröskun sem stafar af íhlutun ríkis sé eins takmörkuð og unnt er.
- 226) Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, er heildarjafnvægisprófið því jákvætt og fjármögnun á breiðbandsvæðingu í dreifbýli á Íslandi felur í sér aðstoðarráðstöfun sem telst samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi c-liðar 3. mgr. 61. gr. hans.

4. Niðurstaða

- 227) Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu, með hliðsjón af framangreindu, að samningur milli Símans og fjarskiptasjóðs frá 25. febrúar 2009 um breiðbandsvæðingu í dreifbýli á Íslandi feli í sér ríkisaðstoð sem er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins í skilningi c-liðar 3. mgr. 61. gr. hans.
- 228) Stjórnvöld á Íslandi eru einnig minnt á að tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA öll áform um breytingar á stakri aðstoð sem á að veita, m.a. allar hækkningar á styrkjum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA hefur komist að þeirri niðurstöðu að samningur milli Símans og fjarskiptasjóðs frá 25. febrúar 2009 um breiðbandsvæðingu í dreifbýli á Íslandi feli í sér aðstoðarráðstöfun sem er samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins samkvæmt c-lið 3. mgr. 61. gr. hans.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til Íslands.

3. gr.

Fullgild er aðeins ensk útgáfa þessarar ákvörðunar.

Gjört í Brussel 30. júní 2015.

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

Oda Helen Sletnes
Forseti

Frank Büchel
Stjórnarmaður

Ríkisaðstoð – Ákvörðun um að hreyfa ekki andmælum

2016/EES/67/02

Eftirlitsstofnun EFTA hreyfir ekki andmælum við eftirgreindri ríkisaðstoðarráðstöfun:

| | |
|---|--|
| Dagsetning ákvörðunar | 28. júlí 2016 |
| Málsnúmer | 79243 |
| Ákvörðun | 161/16/COL |
| EFTA-ríki | Ísland |
| Hérað | Vesturland |
| Fyrirsögn (og/eða heiti styrkþega) | Silicor Materials |
| Lagagrundvöllur | <ul style="list-style-type: none"> – Fjárfestingarsamningur milli stjórnvalda á Íslandi og sveitarfélagsins Hvalfjarðarsveit annars vegar og Silicor Materials hins vegar; – Samningur milli Faxaports sf. og Silicor Materials, með áorðnum breytingum samkvæmt viðbótarsamningi frá 20. apríl 2016, sem felur í sér: <ul style="list-style-type: none"> i. samning um leigu á landi, ii. samning um úthlutun iii. samning um hafnaraðstöðu. |
| Tegund aðstoðar | Fjárfestingaraðstoð (sérákveðin) |
| Markmið | Byggðáþróun |
| Aðstoðarform | Skattaávilnanir/afsláttur af almannatryggingagjöldum/gjaldaávilnanir/sveigjanleg leiguákvæði |
